



FRÉTTABLAÐIÐ

181. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MÍÐVIKUDAGUR 15. SEPTEMBER 2021



Það var létt yfir Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra og Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur dómsmálaráðherra þar sem þær spjölluðu við blaðamenn að loknum ríkisstjórnarfundum í gær. Þar upplýsti Svandís að almennar fjöldatakmörkanir færu úr 200 manns og upp í 500 og að opnunartími skemmtistaða lengdist um klukkutíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kæra Samtök fjármálafyrirtækja fyrir hagsmunagæslu tryggingafélaga

Greinaskrif draga dilk á eftir sér. Tekist er á um hvað sé umræða um markað og hvað umræða um tryggingafélög.

bth@frettabladid.is

NEYTENDUR Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) hefur sent Fjármálaeftirlitinu kvörtun vegna hagsmunagæslu Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) fyrir hönd váttryggingafélaganna. Þetta staðfestir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB.

Upphaf málsins megi rekja til þess að FÍB benti í grein á að tryggingafélögin, Sjóvá, VÍS, TM og

”

Félagið telur að með þessu sé verið að brjóta á neytendum og hagsmunum þeirra.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB

Vörður, stæðu fyrir okri á bilatryggingum. Framkvæmdastjóri SFF hafi gripið til varna í svargrein sem birtist á heimasíðu samtakanna, þar sem bornar voru brigður á málflutning FÍB og iðgjaldahækkunin skýrd með tilliti til ýmissa þátta. Félagið telur að með þessu sé verið að brjóta á neytendum og hagsmunum þeirra.

Runólfur vísar meðal annars í heimasíðu SFF þar sem segir: „SFF er óheimilt að fara með opinbert fyrirvar varðandi verðlagningu og þjónustu aðildarféлага sinna og getur slíkt falið í sér sjálfstætt brot á samkeppnislögum. Tekur þetta m.a. til umræðu á opinberum vettvangi,

um verð og verðbreytingar aðildarféлага og um kröfur viðskiptavina þeirra um lægra verð eða bætt viðskiptakjör.“

FÍB telur að Katrín Júlíusdóttir, fyrir hönd Samtaka fjármálafyrirtækja, hafi brotið eigin reglur með inngripi sínu. Málið gæti endað á borði Samkeppniseftirlitsins.

Fréttablaðið náði ekki í Katrínu Júlíusdóttur eftir að FÍB ákvað að senda kvörtunina. Áður hafði blaðið spurt hvort skrif hennar væru viðeigandi og svaraði Katrín að hún hefði með skrifum sínum verið að horfa á starfsumhverfið. Hún hefði verið að fjalla um váttryggingamarkaðinn en ekki félögin. ■

Svíkja út vörur með gömlum félögum

VIÐSKIPTI Mörg fyrirtæki hafa orðið fyrir tjóni vegna svika þar sem sótt er um reikningsviðskipti í nafni fyrirtækja með gott lánshæfismat.



Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur Félags atvinnurekenda

„Oft er um að ræða fyrirtæki með gamlar kennitölur og í einhverjum tilvikum hafa verið búnar til heimasíður og síður á samfélagsmiðlum þannig að fyrirtækið lítur út fyrir að vera með virka starfsemi,“ segir Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur Félags atvinnurekenda. **SJÁ SÍÐU 8**





Kerfið leysir skannann af.

Tæki til að leita að sprengjum komið fyrir í Keflavík

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Nýjum sprengjuleitar-tækjum verður komið fyrir í farangursbelti Keflavíkurflugvallar. Ísavia hefur samið við franska fyrirtækið Alstef Group um innleiðingu hins nýja kerfis, sem mun leysa af hinn hefðbundna skanna sem er nú til staðar.



Farangursbeltunum verður skipt út fyrir hallandi belti.

Farþegarnir sjálfir munu einnig taka eftir breytingum því að farangursbeltunum sjálfum verður skipt út fyrir hallandi belti. Alstef hefur viðtæka reynslu af uppsetningu farangurskerfa en þetta er fyrsta verkefni fyrirtækisins hér á landi. ■

Djörfung og dugur



Þessi Kvennskælingur gaf allt sitt í ratleik í miðbænum þar sem hann steypiti sér ofan í Reykjavíkurtjörn að hætti andanna. Ekki fylgir sögunni að hverju hann var að leita en ef það var ástin er hann vitlausum megin við Tjarnarbrúna þar sem fönguleg hafmeyja situr venjulega sunnanmegin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fimm hundruð mega koma saman

arib@frettabladid.is
birnadrofn@frettabladid.is

COVID-19 Almennar fjöldatakmarkanir fóru úr 200 í 500 manns á miðnætti í gær og opnunartími skemmtistaða lengdist um klukkustund. Skemmtistaðir mega nú taka á móti gestum til miðnættis og allir gestir þurfa að vera farnir út klukkan 01.00.

Sérstakt ákvæði sóttvarnareglna heimilar samkomur fyrir 1.500 manns með notkun hraðprófa, er það sérstaklega hugsað fyrir skóla-böll. Framhaldsskólanemar hafa kvartað sáran yfir að hafa ekki getað farið á ball.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sagði að loknum ríkisstjórnarfundum í gær að samstaða væri innan ríkisstjórnarinnar um nýju reglurnar og að hraðprófin yrðu fólki að kostnaðarlausu. Á höf-



Skemmtistaðir mega nú taka á móti gestum til miðnættis.

uðborgarsvæðinu munu hraðprófin til að byrja með fara fram í húsnæði Heilsugæslunnar við Suðurlandsbraut á milli klukkan 8 og 20. Stefnt er að því að auka aðgengi að hraðprófum, reglugerð þess efnis verður birt á næstu dögum.

Reglurnar gilda til 6. október. ■

Engin gúrkuþíð í verslunum landsins um þessar mundir

Grænmetisshortur hefur verið í verslunum landsins að undanfögnu. Ástæður þar að baki eru meðal annars minni framleiðsla og aukin eftirspurn. Þá segja bændur að erfiðara sé að fá fólk til starfa á þessum háannatíma.

birnadrofn@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Borið hefur á skorti á íslensku grænmeti og þá aðallega agúrkum í verslunum landsins síðustu daga. Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri Sölufélags garðyrkjumanna, segir ástæðuna minni framleiðslu samfara aukinni eftirspurn.

„Það hefur hægt aðeins á gúrkuframleiðslunni vegna þess að bændur voru að skipta út plöntum en það þarf alltaf að gera reglulega,“ útskýrir Kristín. „Á sama tíma gerist það að skólarnir eru að byrja og mótuneytin að opna, atvinnulífið er allt að fara af stað og meira er að gera á veitingastöðum svo það er gríðarleg eftirspurn,“ bætir hún við.

Gúrkur hafa löngum verið vinsælar hjá Íslendingum, þær innihalda mikið magn vatns, eða 96 grömm í hundrað grömmum, auk þess innihalda þær A-, B- og C-vítamín, kalk og járn. Þær eru ræktaðar allt árið um kring og er plantað út allt að fimm sinnum á ári en í hefðbundinni ræktun er þeim plantað tvisvar á ári, í febrúar og maí eða júní. Ræktunar tími gúrku er nokkrar vikur.

„Annað sem bændur hafa verið að upplifa samhliða þessu er að erfitt reynist að fá fólk til starfa. Á þessum háannatíma hefur viðbótarfólk oft komið inn en það er erfitt að fá það inn núna,“ segir Kristín.

Hún segir landsmenn þó ekki þurfa að bíða lengi eftir gúrkunum,



Íslenskt útiræktað grænmeti var um tveimur vikum seinna í ár en venjulega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Á þessum háannatíma hefur viðbótarfólk oft komið inn en það er erfitt að fá það inn núna.

Kristín Linda Sveinsdóttir, markaðsstjóri Sölufélags garðyrkjumanna

von sé á þeim í verslanir á næstu dögum.

„Það hefur verið góð tíð í blóm-káli og það er nóg til af rófum,“ segir Kristín en bendir á að veðurfar hafi haft áhrif á grænmetisframleiðsluna í ár, kaldir vordagar hafi seinkað komu útiræktaðs grænmetis í verslanir.

Íslenskt útiræktað grænmeti var um það bil tveimur vikum seinna á ferðinni í ár en vanalega. Maímánudur var kaldur og það rigndi lítið. Aðalútiræktunarsvæði fyrir íslenskt grænmeti er Flúðasvæðið á Suðurlandi og þar var sérlega kalt í vor.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var maímánudur hér á landi þurr um allt land og óvenju lítið rigndi fyrstu þrjár vikur mánaðarins. Meðalhiti í Árnesi í maí síðastliðnum var 4,8 stig sem er 1,7 stigum undir meðaltali árunum 1991 til 2020.

„En þetta er að komast í jafnvægi núna,“ segir Kristín. ■

Búningar! Skraut!

Oktoberfest

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534 • www.partybudin.is



XM | Heilbrigðara Ísland!

Almenn heilbrigðisskimun á þriggja ára fresti
þér að kostnaðarlausu.

Ísland mælist best fyrir starfslokin

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Ísland heldur stöðu sinni sem besta land í heimi til að setjast í helgan stein í samkvæmt skýrslu fjárfestingafyrirtækisins Natixis, sem gert hefur slíka greiningu frá árinu 2012. Undanfarin þrjú ár hefur Ísland verið á toppi listans og í ár hækkar stuðullinn úr 82 í 83.

Mat Natixis er byggt á ýmsum þáttum eins og tekjum, langlífi, stöðu heilbrigðiskerfisins og heilbrigðistryggingum, skattheimtu, verðbólgu, stöðu ríkissjóðs, vatns- og loftgæðum og hamingju.

Þegar kemur að þjóðarhag er Ísland í 9. sæti en þar trónir Singapúr á toppnum. Í heilbrigðisþættinum hrapar Ísland um þrjú sæti og endar í því 12. Ísland er hins vegar í 6. sæti þegar kemur að umhverfis- og hreinlætisþáttum og efst þegar kemur að fjárhag íbúanna. En inni í þeim tölum eru meðal annars tekjur, tekjujöfnuður og atvinnuleysi. ■



Hvorki teymisstjóri né starfsmaður teymis vildi tjá sig um efni bréfsins.

Lengri bið eftir ADHD-greiningu

birnadrofn@frettablad.is

HEILBRIGISMÁL Biðtími eftir þjónustu ADHD-teymis Landspítalans hefur lengst töluvert samkvæmt bréfi sem skjólstæðingur teymisins fékk sent í gær og Fréttablaðið hefur undir höndum.

Í bréfinu segir að skortur sé á fagfólki í teyminu og að framtíð þess og staðsetning innan heilbrigðiskerfisins sé óljós. „Unnið er að því að finna lausn.“

Starfsmaður teymisins sem Fréttablaðið ræddi við í gær vildi ekki tjá sig um innihald bréfsins og ekki teymisstjóri heldur. Óskað var eftir því að samskiptin færu í gegnum samskiptastjóra spítalans. Ekki hafði fengist svar við fyrirspurn Fréttablaðsins þegar blaðið fór í prentun í gær. ■

Gefast ekki upp þrátt fyrir erfiðleika

Samkvæmt nýrri skýrslu Vörðu eiga 80 prósent öryrkja erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman. Fréttablaðið ræddi við þrjár konur í þessari stöðu. Þær segja meðal annars sárt að eiga ekki mat fyrir börnin sín og að þær neiti sér um félagslíf.

lovisa@frettabladid.is

SAMFÉLAG Þrjár konur, sem eru öryrkjar, segja að þrátt fyrir erfiðar aðstæður og skort, þá gefist þær aldrei upp. Það sé ekki í boði. Samkvæmt nýrri skýrslu Vörðu, rannsóknarstofnunar vinnu-markaðarins, eiga um 80 prósent öryrkja erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman.

Sérstaklega er í skýrslu Vörðu fjallað um stöðu einstæðra foreldra á meðal öryrkja eða fatlaðra og samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eiga 58 prósent einstæðra foreldra erfitt með að ná endum saman, 29 prósent einstæðra foreldra voru í vanskilum með leigu eða lán, 67 prósent einstæðra foreldra komust ekki í árlegt fri, 81 prósent gat ekki mætt óvæntum gjöldum, 44 prósent gátu ekki staðið undir kostnaði vegna skipulagðra tómstunda og 52 prósent gátu ekki keypt nauðsynlegan fatnað á börn sín.



67 prósent einstæðra foreldra komast ekki í árlegt fri og 52 prósent geta ekki keypt nauðsynlegan fatnað á börnin.

Þær segja sárt að eiga ekki mat fyrir börnin sín en þær geri það sem þurfi eins og að neita sér um heilbrigðisþjónustu og félagslíf. Þær eiga það allar sameiginlegt að glíma við mikinn fjárskort og eru afleiðingarnar þær að börnin skortir klæðnað og geta ekki stundað tómstundir og þær sjálfar neita sér um lækniþjónustu og að kaupa nauðsynleg lyf. ■

Nánar á [frettabladid.is](#)

Skiptir peningum í umslög

Helga er einstæður öryrki sem á eina 15 ára dóttur. Hún vill ekki koma fram undir sínu raunverulega nafni en segir að flest sem fram komi í skýrslunni þekki hún vel.

„Ég hef reyndar aldrei verið í vanskilum, samviskan leyfir mér það ekki. En ég hef staðið við allar minar skuldbindingar og átt þá eftir 40 þúsund krónur til að lifa út mánuðinn,“ segir Helga.

Hún segir að hún hafi þurft að neita barninu sínu um tómstundir eða ekki getað keypt nýjasta ípróttagallann.

Helga fær á mánuði, eftir skatt, 329 þúsund krónur. Inni í því er lífeyririnn, meðlagið og húsnæðisbæturnar. Föst greiðsla húsnæðisleigu og lána er 240 þúsund og þá er ekki talið internet, fjarskiptakostnaður og hússjóður en eftir standa um 89 þúsund.

Hún segir að reikningsdæmið gangi illa upp þegar það eru kannski 20 þúsund krónur eftir

í matarinnkaup út mánuðinn. Hún hafi stundað það að skipta peningunum í umslög fyrir vikurnar en það þurfi ekki meira en að þvottaefnið klárast eða klósettappirinn til að planið fari úr skorðum.

Helga segir að hún hafi aldrei efni á því að fara í leikhús, bíó eða á aðra slíka viðburði en fari þó ef hún fær boðsmíða.

„Það er erfitt að hitta vinkonur á kaffihúsi eða fara með þeim út að borða. Þetta veldur kvíða og svo kemur lygin í kringum það um að ég sé þreytt eða eitthvað slíkt því maður hefur ekki efni á þessum aukakostnaði. Mörgum finnst ekkert mál að borga fimm þúsund á veitingastað fyrir mat og drykk, en fyrir mér er þetta heil vika af mat,“ segir Helga.

Hún segir að hærri örorkulífeyrir myndi að sjálfsögðu hjálpa en svo séu aðrir hlutir eins og niðurgreiðsla sálfræðiþjónustu sem myndi breyta mjög miklu, bæði fyrir fullorðna og fyrir börn.



Fjárhagsstaða öryrkja er svört samkvæmt skýrslunni. FRÉTTABLAID/GETTY

Veit ég er að svindla en ég þarf á þessu að halda

Lilly Aletta varð öryrki þegar hún greindist skyndilega með slæma sykursýki. Hún býr í eigin húsnæði og er að greiða af lánum. Hún er einstæð móðir og á þrjú börn.

„Áður en ég varð öryrki var ég með eigin fyrirtæki, hafði safnað mér fyrir útborgun fyrir íbúð, hafði menntað mig og hafði engar fjárhagsáhyggjur. Allt í einu varð ég öryrki en það var alls ekki mín áætlun fyrir líf mitt, eða barnanna minna. Lífið tók allt aðra stefnu en ég hafði ætlað mér.

Húsnæði er ekki ódýrt í dag. Með hússjóði og rafmagni og öllu sem fylgir á ég um 130 þúsund til að lifa út mánuðinn. Það

er allt sem ég fæ frá Tryggingastofnun, barnalífeyrir og meðlag með þremur börnum. Ég fékk frístundastyrk fyrir annan son minn í september, en borgaði fullt gjald fyrir þann yngri út árið og á núna 30 þúsund krónur til að lifa út mánuðinn.“

Lilly segir að hún nýti ýmsar leiðir til að lifa af. Hún hafi sem dæmi stundað það að fá gefins hluti hjá fólki og selt þá svo.

„Ég hef fengið gefins dót og þegar ég er komin með slatta þá leigi ég bás í Barnaloppunni og fæ kannski 50 eða 60 þúsund krónur út úr því. Ég veit ég er að svindla, að taka gefins hluti, en ég hugsa þetta líka þannig að ég þarf á þessu að halda.“

Sárt að eiga ekki mat fyrir börnin sín

Vala á fjögur börn. Hún er einstæð og hefur búið á Íslandi í 26 ár. Hún segir að hún hafi oft hugsað um að fara frá Íslandi en börnin hennar vilji ekki sjá það, þau vilji vera hér.

„Ég er löngu búin að venjast því að eiga ekki fyrir öllu, að eiga varla fyrir mat út mánuðinn.“

Vala segist vel þekkja það sem kemur fram í skýrslu Öryrkjabandalagsins. Hún hafi ekki efni á að kaupa ný föt fyrir börnin sín, greiða fyrir sálfræðiaðstoð og núna hafi billinn hennar verið bilaður í marga mánuði og því noti hún stræto.

Vala fær um 387 þúsund útborgað eftir skatt og eftir að hún er búin að borga leigu, frístund,

tómstundir og mataráskrift fyrir börnin eru um 35 þúsund eftir fyrir mat og öðrum útgjöldum. Hún segir að utan þess að hækka lífeyri væri gott að finna einhverjar leiðir til að tryggja að einstæðar mæður og öryrkjar eigi alltaf fyrir mat.

„Að eiga alltaf að borða út mánuðinn.“

Þetta hlýtur að valda þér áhyggjum?

„Já, um miðjan mánuðinn. Þegar ég á ekkert fyrir börnin mín að borða, það er mjög sárt. Það er allt í klessu hjá mér en maður reynir alltaf að láta þetta ganga, það þýðir ekkert annað. Það þýðir ekki að gefast upp,“ segir Vala.

Þétting
hryggðar

Eftir
Dóra DNA

[borgarleikhus.is](#)

Frumsýning á morgun

Tryggðu þér miða

SÍÐUSTU DAGAR



HAUST ÚTSÖLU

VERÐDÆMI PARKET, FLÍSAM, HURÐIR

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.590 KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²

12 mm AC5 VERÐ FRÁ 3.790 KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFAR VERÐ FRÁ 4.990 KR. m²

KÄHRS PLANKAPARKET VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²

VÍNYPARKET VERÐ FRÁ 3.790 KR. m²

VEGG- & GÓLFLÍSAM

20% AFSLÁTTUR

BÍLSKÚRSFLÍSAM 30X30 VERÐ 2.590 KR. m²

RINGO INNIHURÐIR

HVÍTLAKKAÐAR HURÐIR

(hurð og karmur)

VERÐ FRÁ 36.990 kr.

40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FYLGIEFNUM

ÚTSÖLU LÝKUR LAU. 18. SEPT.

Birgisson®



OKKAR VÖRUR ERU UMHVERFISVOTTAÐAR

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is



Áslaug Arna gerði netsölu löglega með frumvarpi en vill gera meira.

Jafna þarf leikinn

svavamarin@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Dómsmálaráðuneytið hefur ekki svarað fyrirspurn Félags atvinnurekenda um hvort sala áfengis í gegnum netverslanir sé heimil hér á landi eða ekki. Dómsmálaráðherra segir það sína skoðun að jafna þurfi leikinn.

„Ég lagði þá leið til að leggja fram frumvarp sem breytti lögum og gerði íslenska netsölu löglega,“ sagði Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, eftir ríkisstjórnarfund í gær.

„Það var talin sú leið sem væri þörf á enda er hér einokunarverslun með áfengi. Það náði því miður ekki fram að ganga en það er mín einarða skoðun að við ættum að jafna leik íslenskra vefverslana við erlendar.“ ■



Klukkan færir síðasta sunnudag í mars og sama vikudag í lok október.

Klukkan færð áfram í Tékklandi

benediktboas@frettablaid.is

SAMFÉLAG Tékkar ákváðu á mánudag að færa klukkuna áfram um einn klukkutíma yfir sumartímann og til baka yfir veturinn. Tilraunin á að standa í fimm ár.

Jana Maláčová félagsmálaráðherra sagði að ákvörðunin væri í raun ekkert sérlega flókin. Tékkar væru að feta í fótspor flestra Evrópulanda sem hafa gert þetta síðan 1970 með góðum árangri. Það væru jú aðeins Íslendingar, Rússar, Hvít-Rússar og Grænlandingar sem gerðu þetta ekki.

Tékkar ætla að færa klukkuna síðasta sunnudag í mars og færa hana aftur í fyrra horf síðasta sunnudag í október. ■

Þorri almennings kominn með nóg af aukinni misskiptingu auðsins

Stjórnarmyndunarviðræður vinstriflokka í Noregi eru hafnar. Íslendingur var í fyrsta sinn kjörinn á Stórþingið.

hjoarvaro@frettabladid.is

NOREGUR Vinstriflokkar Noregs náðu bestu niðurstöðu úr þingkosningum til norska Stórþingsins síðan í kosningunum eftir seinni heimsstyrjöld um síðastliðna helgi.

Þrír flokkar á vinstrivængnum, Verkamannaflokkurinn, Senterpartiet og Sósíalíski vinstriflokkurinn, fengu 100 þingsæti og eru með fjögurra sæta meirihluta í Stórþinginu. Ríkisstjórn Ernu Solberg fer því frá völdum eftir átta ára valdatíð.

Þóra Tómasdóttir, upplýsinga-fulltrúi Advania, hefur starfað sem fréttaritari fyrir TV2 og norska ríkisútvarpið. Hún fylgdist grannt með kosningunum og segir niðurstöður þeirra stórmærilegar.

„Það er svo sem ekkert nýtt að völdin sveiflist í Noregi þar sem í gegnum söguna hafa hægri- og vinstrivængurinn ekki setið lengi í einu við stjórnvölinn. Það sem er hins vegar merkilegt er hversu góða kosningu Verkamannaflokkurinn fær, 26 prósent, og hvað sveiflan er mikil til vinstri,“ segir Þóra.

„Það voru meðal annars umhverfismál sem voru efst á baugi í þessum kosningum en Norðmenn eru að átta sig á því að það er þörf á því að leita að öðrum lausnum við atvinnusköpun en í olíuframleiðslu. Þá vill þorri landsmanna stíga stærri og hraðari skref í átt að sjálfbærara og vistvænna samfélagi.

Erna Solberg er vinsæll stjórnmalamaður í Noregi og það er heilt yfir mikil sátt um hennar störf. Þannig að það er ekki óánægja með hana persónulega sem skýrir fylgistap hægri-flokkanna.

Samstarfið við Framfaraflokkinn gæti hafa reynst henni dýrt, að mínu mati. Framfaraflokkurinn er kannski það sem mætti kalla óróa-flokkur í anda hinna popúlísku flokka víða um heim.

Hann hefur sýnt mikinn mótþróa við aðgerðir í loftslagsmálum, berst fyrir ódýrara bensíni og er með harða og umdeilda stefnu í útlendingamálamálum.

Hvert hneykslismálið á fætur öðru hefur komið upp hjá Framfaraflokknum á kjörtímabilinu sem ýtti undir óánægu með stjórnarsamstarfið og bitnaði á vinsældum Ernu og félaga hennar,“ segir hún.

„Verkamannaflokkurinn er svo að ná vopnum sínum að nýju eftir



Jonas Gahr Støre verður líklega næsti forsætisráðherra Noregs.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPÁ

Samstarfið við Framfaraflokkinn gæti hafa reynst henni dýrt, að mínu mati.



Þóra Tómasdóttir, upplýsingafulltrúi Advania

erfið ár. Flokkurinn hefur til dæmis þurft tíma til að jafna sig á brott-hvarfi Jens Stoltenberg sem var sameiningartákn í Noregi og naut virðingar þvert á flokka líkt og Erna Solberg,“ segir Þóra.

„Fjölmargir Norðmenn kalla nú eftir meiri jöfnuði í landinu og telja að fráfarandi ríkisstjórn hafi með aðgerðum sínum aukið bilið milli ríkra og lágtekjufólks í landinu.

Verkamannaflokkurinn hefur ávallt talað fyrir jöfnuði og fær því aukið fylgi nú eða 26 prósent. Það telst sigur þó það þyki ekki mikið fylgi í sögu flokksins. Það verður samt sem áður í höndum Stöhræ að mynda nýja ríkisstjórn og að öllum líkindum verður hann forsætisráðherra.



Mimir Kristjánsson, þingmaður á Stórþinginu

Minni sveitarfélögum og fólki sem vinnur í landbúnaði í dreifbýliskjörnum hefur svo fundist það hafa verið skilin út undan í stjórnartíð borgaraflokkanna. Þegar kórónuveiran skall á var fólki sem býr utan stóru borganna rækilega minnt á mikilvægi sjálfbærni svo sem með rafmagn og matvælaframleiðslu.

Senterpartiet hefur talað málstað landsbyggðarinnar fyrir öflugri byggðastefnu og uppskar glæsilegan kosningasigur í þetta sinn. Flokkurinn verður því sá næststærsti í ríkisstjórn vinstrimanna,“ segir Þóra.

Mimir Kristjánsson er fyrsti Íslendingurinn til þess að setjast inn á norska Stórþingið. Flokkur hans, Sósíalistaflokkurinn, fékk átta þingmenn kjörna en ætlar að standa utan stjórnarmyndunarviðræðna þrátt fyrir að styðja stefnu vinstri-flokkanna í megindráttum.

„Norðmenn eru komnir með nóg af aukinni misskiptingu auðs í landinu. Staðreyndin er sú að auðurinn er að færast yfir á sífellt færri hendur og fátækt er að aukast á sama tíma. Ég held að stefna vinstri-

mannanna um jöfnuð hafi fengið aukið fylgi þar sem Norðmönnum finnst nóg komið í þessum efnum,“ segir Mimir.

„Þar að auki er aukin einkavæðing orkufyrirtækja þyrnir í augum margra hér í Noregi og sú staðreynd að ríkir einstaklingar græði á nýtingu þjóðarauðlinda í stað þess að auðurinn dreifist jafnar og betur út í samfélagið,“ segir hann einnig.

„Láglauna- og millistéttarfólk hefur síðan orðið fyrr vonbrigðum með störf Framfaraflokksins en flokkurinn hefur, að ég held, ekki náð að uppfylla væntingar þeirra um að auka hag þeirra. Þess í stað hefur flokkurinn staðið fyrir skattalækkunum fyrir þá tekjuhæstu og aukið misskiptingu,“ segir Mimir.

„Við Rauðliðar erum mjög ánægðir með okkar kosningu en við erum lengra til vinstri en þeir flokkar sem munu fara í stjórnarmyndunarviðræður.

Þrátt fyrir góða kosningu er atkvæðavægi okkar ekki nógu sterkt að okkar mati til þess að við myndum ná stefnumálum okkar til framkvæmda. Við munum styðja væntanlega vinstristjórn en teljum heillavænlegast að standa utan stjórnarinnar,“ segir þingmaðurinn.

Mimir segist ekki sjá að neinn ágreiningur standi í vegi fyrir myndun vinstristjórnar. Það sé aðallega munur á milli flokkanna hversu hratt eigi að ganga í að breyta málum og koma stefnumálum flokkanna í framkvæmd. ■

Mikið úrval rennihurðabrauta frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

Lögreglan ekki haft samband við forsetafrúna um Bessastaðamálið

bth@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Lögreglan hefur ekki haft samband við forsetafrúna þannig að embættið veit ekki hvort nafn hennar er á einhverjum vitnalista. Þetta kemur fram í svari frá Sif Gunnarsdóttur forsetaritari vegna fyrirspurnar Fréttablaðsins.

Eftir að Fréttablaðið skýrði frá því í síðustu viku að fyrrverandi starfsmaður embættisins hefði í júlí síðastliðnum kært samstarfsmann sinn vegna kynferðisbrots kom fram í DV að Eliza Reid forsetafrú væri á vitnalista vegna málsins.

Meintur þolandi sem bjó á Bessastaðum, líkt og hinn kærði, bar í Fréttablaðinu bríður á að embættið



Vegna skipulagsbreytinga verða störf starfsmannanna tveggja sem hafa búsetu á Bessastaðum lögð niður.

hefði brugðist sem skyldi við vanda í starfsmannahaldi um árabíl. Það hefði komið honum í opna skjöldu að manningunni hefði verið leyft að snúa aftur til starfa að loknu leyfi eftir örlagaríka skemmtiferð starfsmanna forsetaembættisins til Parísar 2018, þar sem atvik urðu sem leiddu til þess að embættið sendi manninn í leyfi og veitti honum skriflega áminningu.

Forsetaembættið sagði í svari við fyrirspurn blaðsins í liðinni viku að vegna skipulagsbreytinga yrðu störf tveggja starfsmanna sem hafa haft búsetu á Bessastaðum lögð niður.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gefur á þessu stigi ekkert upp um kærana. ■

ÚTSALA

20-70%

AFSLÁTTUR

MÖGNUM TILBOÐ

LÝKUR Á
LAUGARDAG
18. SEPTEMBER

70%
AFSLÁTTUR



ISABELLA, GORMADÝNA
180 X 200 CM

25.074 KR.
VERÐ ÁÐUR 83.580 KR.

50%
AFSLÁTTUR



NINA RÚM OG ROYAL
AVIANA DÝNA 160 X 200 CM

103.590 KR.
VERÐ ÁÐUR 207.180 KR.

60%
AFSLÁTTUR



RÚMTEPPI, VERÐDÆMI
“PEGASO” TEPPI 180 X 265 CM

9.960 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.900 KR.



-20%

COMO HÆGINDASTÓLL,
KREMLITAÐUR EÐA GRÁR

39.920 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.900 KR.



-20%

FORTE, RAFDRIFINN
HÆGINDASTÓLL

91.840 KR.
VERÐ ÁÐUR 114.800 KR.

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM

20-70%
AFSLÁTTUR

MIKIÐ ÚRVAL. GERÐU FRÁBÆR KAUP

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Starfsfólki Olís fækkaði um 100

helgivifill@frettabladid.is

Starfsmönnum Olís hefur fækkað um 100, í 470, og stöðugildum um 70 það sem af er ári. Þetta staðfestir Frosti Ólafsson, forstjóri fyrirtækisins.

„Eins og gefur að skilja hafði Covid-19 faraldurinn veruleg áhrif á eldsneytis- og þægindavörumarkaðinn. Þar munaði mestu um samdrátt í fjölda ferðamanna, en því til viðbótar leiddu sóttvarnaaðgerðir til minni umsvifa og ferðalaga innlendra aðila, einkum framan af,” segir hann.



Frosti Ólafsson, forstjóri Olís

Olís hafi brugðist við þessum aðstæðum í byrjun árs í kjölfar heildstæðrar yfirferðar á rekstri félagsins. „Til að mæta tímabundnum samdrætti vegna Covid-19 og gera félagið betur í stakk búið til að mæta þeim áskorunum sem fylgja orkuskiptum á eldsneytismarkaði fór fram umtalsverð endurskipulagning á starfseminni, sér í lagi á smásölusviðinu. Verslun Stórkaupa var aflögð, opnunartími ýmissa þjónustustöðva var endurskodaður, veitingaframboð aðlagð og tveimur þjónustustöðvum var breytt í sjálfsafgreiðslustöðvar,” segir Frosti.

Hann segir að breytingarnar séu krefjandi fyrir Olís en þær hafa skilað umtalsverðum rekstrarbata nú þegar. „Það er ljóst að Olís þarf áfram að tryggja skilvirkni í rekstri til að mæta framtíðarþróun á eldsneytismarkaði. Í því kemur til með að felast stöðug rýni á skipulag starfseminnar og þjónustuframboð. Á endanum er lykilmarkmiðið að þjóna viðskiptavinum okkar með sem bestum hætti en samhliða tryggja að rekstrarskipulag félagsins standist samkeppni og tímans tönn.“ ■

Epal hagnaðist um 53 milljónir

helgivifill@frettabladid.is

Hagnaður húsgagna- og gjafavöruslunarinnar Epal jókst úr 16 milljónum árið 2019 í 53 milljónir árið 2020. Tekjurnar jukust um 21 prósent á milli ára og námu 1,8 milljörðum króna í fyrra. Þekkt er að Íslendingar lögðu í ýmsar endurbætur á heimilum sínum í Covid-19.

Arðsemi eiginfjár var 12 prósent í fyrra og eiginfjárlutfallið 64 prósent við árslok. Eigið fé Epal var 471 milljón við árslok en sjóður og bankainnstæður námu 238 milljónum króna í fyrra. ■

Glæpamenn nýta gott láns hæfismat fyrirtækja til að svíkja út vörur

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Glæpamenn hafa í ár nýtt gömul fyrirtæki og húsfélög sem ekki eru lengur í starfsemi til að svíkja út vörur frá fyrirtækjum.

Undanfarið ár hafa mörg fyrirtæki hér á landi orðið fyrir tjóni vegna svikastarfsemi sem felur í sér að sótt er um reikningsviðskipti hjá fyrirtækjum í nafni fyrirtækja eða jafnvel húsfélaga með gott láns hæfismat. Þetta segir Guðný Hjaltdóttir, lögfræðingur Félags atvinnurekenda.

„Oft er um að ræða fyrirtæki með gamlar kennitölur og í einhverjum tilvikum hafa verið búnar til heimasíður og síður á samfélagsmiðlum þannig að fyrirtækið lítur út fyrir að vera með virka starfsemi. Umsóknir virðast koma frá starfsmanni þess fyrirtækis sem er í einhverjum tilvikum skráður framkvæmdastjóri eða eigandi. Vörur eru sóttar til fyrirtækja af aðilum á vegum umsóknarfyrirtækis en þegar kemur að skuldadögum eru reikningar ekki greiddir,” segir hún.

Guðný segir að það kunni að líta út eins og vanskil vegna ógjaldfærni en þegar betur sé að gáð komi í ljós að velta fyrirtækis sem um ræðir sé engin, engin starfsemi sé fyrir hendi og netföng séu tilbúningur. „Við enn frekari eftirgrennslan kemur í ljós að umsóknarfyrirtæki hefur tekið út vörur hjá tugum fyrirtækja án þess að greiða fyrir þær,” segir hún og nefnir að því sé ekki um ósakennæm vanskil að ræða heldur brot gegn fjársvikaákvæði almennra hegningarlaga þar sem blekkingum sé beitt til að hafa fjármuni af öðrum.

„Öfugt við net- og tölvupósts svindl, sem hefur kannski verið mest áberandi að undanfögnu, þá er þetta ekki tæknivædd svikaleið heldur er verið að misnota það traust í viðskiptalífi í litlu landi, sem hefur valdið því að það hefur verið tiltölulega auðvelt að fá heimild til reikningsviðskipta,” segir hún.

Aðspurð segir Guðný að það geti verið erfitt að hafa hendur í hári glæpamannanna. „Í einhverjum tilvikum hafa aðilar gert þetta undir



”

Við enn frekari eftirgrennslan kemur í ljós að umsóknarfyrirtæki hefur tekið út vörur hjá tugum fyrirtækja án þess að greiða fyrir þær.



Guðný Hjaltdóttir, lögfræðingur Félags atvinnurekenda

Viðvörðunarbjöllur

Guðný segir að ef fyrirtæki vilji forðast tjón vegna svika sem tengjast gömlum kennitölum sé ekki nóg að líta til jákvæðs láns hæfismats. Það þurfi að kanna hvort fyrirtækið hafi einhver umsvif, samkvæmt ársreikningum. Gæta skuli varúðar ef í ljós hafi komið að fyrirtækið hafi engan veltu, nafni þess hafi verið breytt og/eða ef tiltekin kaup samræmist illa tilgangi félagsins.

Hún ráðleggur fyrirtækjum að gera kröfu um framvísun skilríkja þegar vörur eru afhentar og jafnvel fara fram á staðgreiðslu við fyrstu kaup.

raunverulegu nafni en oftast eru þetta tilbúin nöfn. Þá fer sönnun að verða snúin. Það er oft ungt fólk sem sækir vörurnar sem telur sig vera í vinnu,” segir hún.

Guðný segir aðspurð að refsiramma laganna sé sex ár en líkleg refsing yrði styttri. Það fari eftir fjárhæðum og brotavilja, tvö til fjögur ár væri líklegt ef sakir eru miklar. ■

Hægt er að fá allt að sex ára dóm fyrir að svíkja út vörur með því að nýta til dæmis fyrirtæki með gott láns hæfi. Ef sakir eru miklar er þó líklegast að dómurinn yrði tvö til fjögur ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VILHELM

Grænbók um kjarasamninga seinkar

helgivifill@frettabladid.is

Vinna við grænbók um kjarasamninga og vinnumarkaðsmál tekur lengri tíma en til stóð. Upphaflega átti að skila tillögum til forsætisráðherra í lok apríl í því skyni að hægt yrði að taka hana til umfjöllunar fyrir þinglok.

Róbert Marshall, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar, segir að verkefnið hafi reynst umfangsmeira en áætlað var og þarfnist lengri tíma

og meira samráðs. „Vinnunni miðar vel en ekki liggur fyrir að svo stöddu hvenær henni lýkur,” segir hann við Markaðinn.

Henny Hinz, fyrrverandi aðal- hagfræðingur ASÍ, er formaður nefndar um ritun grænbókarinnar. Aðrir í nefndinni eru Vilhjálmur Egilsson, hagfræðingur og fyrrverandi þingmaður, og Elín Blöndal, adjunkt við lagadeild Háskólans á Bifröst.

Í yfirlýsingu um aðgerðir til



Henny Hinz, formaður nefndar um ritun grænbókarinnar.

stuðnings Lífskjarasamningunum kom fram að stjórnmöld og heildarsamtök á vinnumarkaði myndu vinna að gerð grænbókar um framtíðarumhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðsmála.

Markmiðið er að kortleggja núverandi stöðu, varpa ljósi á reynsluna af núgildandi fyrirkomulagi og leggja fram skýrslu sem getur orðið grundvöllur að frekari umræðu og stefnumörkun, að því er fram hefur komið í fréttum. ■

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímapantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Frjálsir fjölmiðlar - ljósgjafar lýðræðisins

Áskorun til stjórnmalaflokka í aðdraganda kosninga

Blaðamannafélag Íslands skorar á stjórnmalaflokkana að gera það að stefnumáli sínu að tryggja að á Íslandi fái þrífist frjálsir, sjálfstæðir og óháðir fjölmiðlar.

Fjölmiðlar eru grundvöllur lýðræðislegrar umræðu og lýðræðislegra samfélaga, um það er ekki deilt. Það er einnig óumdeilt að rekstrarumhverfi fjölmiðla hefur versnað mikið á undanförunum árum. Ástæðan er fyrst og fremst stórfelldar breytingar á fjölmiðlamarkaði með tilkomu erlendra efnisveitna, samfélagsmiðla og tæknirisa á borð við Facebook og Google sem soga til sín æ stærri hluta af auglýsingafé. Þá hefur sú þróun orðið að færri eru tilbúnir til að greiða fyrir fréttir eða fréttatengt efni vegna þess mikla framboðs sem er af fríu fréttæfni á netinu.

Staða fjölmiðla er ekki einkamál fjölmiðlanna sjálfra heldur varðar hún samfélagið allt. Sterkir, öflugir fjölmiðlar eru forsendur þess að hægt sé að veita stjórnvöldum og

stórfyrirtækjum nauðsynlegt aðhald. Það ætti að vera markmið hvers lýðræðissamfélags, hvernar ríkisstjórnar, hvers löggjafarþings, að gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja öfluga, frjálsa og sjálfstæða fjölmiðlastarfsemi í landinu. Því skorar Blaðamannafélag Íslands á þá flokka sem bjóða fram í komandi Alþingiskosningum að taka upp tillögur að nauðsynlegum breytingum sem félagið telur stuðla að því að forsendur fyrir rekstri fjölmiðla gjörbreytist.

Að auki skorar Blaðamannafélagið á stjórnmalaflokka að hafa í huga samfélagslega ábyrgð sína og mikilvægi fjölmiðla fyrir lýðræðislega umræðu í samfélaginu þegar ákvörðun er tekin um birtingu auglýsinga. Þí hvetur stjórnmalaflokka til að setja sér stefnu, sem birt er opinberlega, um hlutfall auglýsingafjármagns sem veitt er til erlendra miðla, og jafnframt að birta að kosningum loknum sundurliðun á því hve miklu fjármagni var varið til erlendra miðla annars vegar og íslenskra hins vegar.

Tillögur BÍ til eflingar rekstrarumhverfis íslenskra fjölmiðla:

1. Stuðningur til einkarekinna miðla

Blaðamannafélagið fagar því að Ísland hafi fylgt fordæmi hinna Norðurlandabjóðanna, sem hafa með góðum árangri um langt skeið styrkt einkarekna fjölmiðla með ýmsum hætti, en áréttar að nauðsynlegt er að auka það fé sem veitt er til fjölmiðla, endurskoða úthlutunarreglur, meðal annars svo þeir nái til fleiri miðla, og gera úrræðið varanlegt.

2. RÚV fari af auglýsingamarkaði

Þí telur nauðsynlegt skref í átt til hagfelldara rekstrarumhverfis fyrir einkarekna fjölmiðla, að taka RÚV af auglýsingamarkaði. Þó aðeins að rekstur stofnunarinnar verði tryggður með auknum fjárveitingum úr ríkissjóði sem vega muni upp á móti tekjutapi þegar auglýsingasölu verður hætt.

3. Skattlagning erlendra tæknirisa

Sívaðandi hlutdeild erlendra tæknirisa í auglýsingamarkaði á Íslandi er verulegt áhyggjuefni í ljósi þeirrar skökku samkeppnisstöðu sem íslenskir fjölmiðlar eru í gagnvart þeim. Nauðsynlegt er að bregðast við án tafar og skattleggja þessi erlendu fyrirtæki.

4. Stofnun fjölmiðlasjóðs

Lagt er til að stofnaður verði fjölmiðlasjóður sem hafi meðal annars það hlutverk að efla rannsóknarblaðamennsku og nýsköpun í fjölmiðlun.

5. Kaup hins opinbera á auglýsingum

Það ber vott um skilningsleysi á mikilvægi íslenskra fjölmiðla fyrir lýðræðislega umræðu að stjórnmalaflokkar og opinberar stofnanir og ríkisfyrirtæki skuli verja æ hærra hlutfalli auglýsingafjármagns í birtingar auglýsinga á erlendum miðlum. Blaðamannafélag Íslands skorar á stjórnmalaflokkana og stjórnvöld að setja sér stefnu, sem birt er opinberlega, um hlutfall auglýsingafjármagns sem veitt er til erlendra miðla, og jafnframt að birta árlega sundurliðun á því hve miklu fjármagni var varið til erlendra miðla annars vegar og íslenskra hins vegar.

6. Hagfelldara skattaumhverfi

Lækka eða afnema mætti virðisaukaskatt áskrifta hjá öllum tegundum fjölmiðla. Þá gefur hin alvarlega staða í rekstrarumhverfi fjölmiðla tilefni til þess að fjölmiðlum sé veitt undanþága frá greiðslu tryggingagjalds.

7. Mismunur í birtingu áfengisauglýsinga leiðrétt

Þí bendir á það misræmi sem ríkir milli erlendra og íslenskra miðla hvað varðar tekjumöguleika af birtingu áfengisauglýsinga. Íslenskir fjölmiðlar ættu að hafa sömu tækifæri til fjármögnunar á grundvelli birtingar áfengisauglýsinga og erlendir miðlar sem eru á sama markaði.

8. Stuðningur við textun og talsetningu

Mikill kostnaður hlýst af textun og talsetningu ljósvakaefnis. Lagt hefur verið til að stjórnvöld styðji textun og talsetningu sem væri annað hvort í formi endurgreiðslu tiltekins hlutfalls af kostnaði fjölmiðla eða sem styrkir.



■ Skotsilfur



Hákon aftur til Ícelandair



Ícelandair hefur ráðið **Hákon Davíð Hall-dórsson** sem forstöðumann framlinu á sölu- og þjónustusviði flugfélagsins. Hákon Davíð starfði við þróun neytendaupplifunar (e. customer experience development) hjá Ícelandair fram á mitt árið 2020 þegar hann tók við starfi forstöðumanns ferlaumbóta hjá Sýn. Hákon er með B.Sc. gráðu í alþjóðamarkaðsfræði frá Háskólanum í Reykjavík og hefur starfað lengst af sínum starfsferli í tækni- og fjarskiptageiranum, sem markaðsstjóri og í fleiri störfum hjá Opnum kerfum, sem sérfræðingur í CRM hjá Símanum og nú síðast í stafrænni umbreytingu hjá Sýn. ■

Líti í eigin barm



Í stað þess að leita að óvinum til að berjast við er oft heilbriggt að líta í eigin barm. VR með **Ragnar Þór Ingólfs-son** í stafni sendi bönkum nýverið pillu um óhóflegan vaxtamun. Miðað við útreikninga VR ætti arðsemi bankanna að vera nokkur hundruð prósent sem er ekki raunin. Auk þess leiðir bankaskattur til meiri vaxtamunar en þekkist á hinum Norðurlöndunum. Hvað um það. Frá þjóðarsáttinni fyrir um þremur áratugum hafa laun hérlandis hækkað ríflega tvöfalt á við hin Norðurlöndin og verðbólgan sömuleiðis. Það kallar á hátt vaxtastig. Óskandi væri að verkalyðshreyfingin viðurkenndi sinn þátt í því. ■

Stefna á að vaxa um 30 prósent á ári

Frá ársbyrjun 2020 hefur Verne Global varið yfir tíu milljörðum króna í viðskiptum við íslensk fyrirtæki.

helgivifill@frettabladid.is

Gagnaverið Verne Global á Reykjanesi horfir til þess að vaxa að jafnaði um 30 prósent á ári byggt á núverandi viðskiptavinum. Auk þess er stefnt að því að fá nýja viðskiptavini. Þetta segir Dominic Ward, forstjóri fyrirtækisins, í samtali við Markaðinn. Frá ársbyrjun 2020 hefur Verne Global varið yfir tíu milljörðum króna í viðskiptum við íslensk fyrirtæki.

Fram hefur komið í Markaðnum að gagnaverið hafi á dögnum verið selt fyrir jafnvirði 40,5 milljarða króna og þar af hafi lífeyrissjóðir fengið um tíu milljarða fyrir tilstilli framtakssjóðsins SF VI sem Stefni, sjóðastýring Arion banka, hefur umsjón með. Kaupandinn var innviðasjóðurinn Digital 9 Infrastructures sem stýrt er af Triple Point.

Ward segir aðspurður að stjórnendur innviðasjóðsins hafi fullan hug á og burði til að styðja við áframhaldandi vöxt Verne Global. Ward segir að Verne Global hafi verið selt vegna þess að það hafi fjölda stórfyrirtækja í viðskiptum á borð við BMW og Volkswagen sem hafi þörf fyrir mikla reiknigetu. Fyrirtæki þurfi að huga að umhverfinu en kolefnisspor íslenskra gagnavera sé 95 prósentum minna en gagnavera í flestum öðrum löndum í Vestur-Evrópu, nefna megi þýsk gagnaver sem dæmi. Lítið til annarra Norðurlanda sé vert að nefna að kjarnorkuver framleiði helminginn af orkunni í Svíþjóð, orkuframleiðsla í Noregi sé 95 prósent endurnýjanleg en á Íslandi sé hlutfallið 100 prósent. „Þess vegna er Ísland afar spennandi,“ segir hann. Aðspurður segir Ward að langflest gagnaver í heiminum séu knúin með orku sem sé ekki endurnýjanleg.

Aðspurður hvers vegna Íslendingar ættu að taka gagnaversiðnaði fagnandi segir Ward að gagnaversiðnaður sé ein af þeim atvinnugreinum sem vaxi hvað hraðast. Á næstu áratugum muni stafrænir innviðir skipa æ stærri sess í hagkerfinu. Takist að byggja ofan á þá þjónustu sé hægt að leggja grunn að þróðu hagkerfi sem hafi þörf fyrir vel menntað vinnuafll og ýmsar aðrar atvinnugreinar muni spretta upp í kjölfarið.

Verne Global hefur einungis hýst



Gagnaverið Verne Global var á dögnum selt til fjárfestingasjóðs fyrir 40,5 milljarða króna. MYND/ADSEND

Íslandsstofa vinnur að herferð

Íslandsstofa er að leggja drög að markaðsherferð til að laða gagnaver og erlenda viðskiptavini gagnavera til Íslands. „Innviðir á borð við gagnaver eru hluti af fjórðu iðnbýltingunni,“ segir Einar Hansen Tómasson, verkefnastjóri hjá Íslandsstofu.

Um er að ræða samstarfsverkefni Íslandsstofu, Landsvirkjunar, Farice, Orku náttúrunnar og Samtaka gagnavera. „Við verðum að vinna saman sem ein heild,“ segir Einar í samtali við Markaðinn.

Horft er til þess að markaðsherferðin hefjist samhliða stórráðstefnu sem haldin verður um miðjan nóvember í St. Louis í Bandaríkjunum. Hún ber nafnið SC21 og hverfist um tölvur með mikla reiknigetu. Samhliða mun almanna-

tengslastofa dreifa „grænum sögum“. Einar bendir á að gagnaverin séu knúin með grænni orku og noti kalt loftslag til að kæla tölvubúnaðinn í stað raforku.

Unnið er að því að leggja fjarskipta-sæstreng frá Íslandi til Írlands en þar er fjöldi gagnavera. Íslandsstofa fékk PwC í Belgíu til að kortleggja írska markaðinn til að finna tækifærin sem felast í nýjum gagnastreng til að geta hafist handa við að markaðssetja gagnaver á Íslandi þegar strengurinn er kominn í gagnið.

„Við verðum tilbúin,“ segir Einar og nefnir að fyrirtæki á Írlandi geti þá flutt til Íslands þá starfsemi sem krefst mikillar reiknigetu.

Vestast af Norðurlöndunum með nýjum streng

Fyrirhugaður fjarskiptasæstrengur á milli Íslands og Írlands sem á að komast í gagnið við árslok 2020 mun gera það að verkum að fleiri viðskiptavinir horfi til þess að hýsa gögnin sín á Íslandi. Ward segir að hann liði fyrir samtölum við hugsanlega viðskiptavina. Strengurinn geri það að verkum að Ísland verði nær Írlandi þar sem stærsti klasi af gagnaverum í Evrópu sé. „Ísland verður það gagnaver sem er vestast af gagnaverunum á Norðurlöndunum. Öll hin verða austar. Strengurinn gerir það að verkum að sambandið verður hraðara frá Bandaríkjunum til Íslands en hinna Norðurlandanna,“ segir hann.



Dominic Ward, forstjóri Verne Global

þá sem grafa eftir rafmyntum í litlum mæli. Samhliða því að unnið sé að því að stækka gagnaverið umtalsvert er verið að breyta um helmingi af því plássi sem áður fór undir rafmyntir í rými til að hýsa tölvubúnað fyrir stórfyrirtæki. Á

næsta ári verður ekkert rými helgað rafmyntum.

Ward segir að Ísland hafi tækifæri til að skapa sér sérstöðu á vettvangi rekstrar gagnavera. Kaup Digital 9 Infrastructures sé staðfesting á því. Ísland búi yfir endurnýjanlega orku sem sé hægt að reida sig á en gagnaver eins og álver þurfi að vera í gangi allan sólarhringinn. Auk þess henti loftslagið vel til að kæla tækjabúnað og í því felist sparnaður. Tæknifólk og aðrir sem komi að málum sé enn fremur afar fært á sínu sviði. „Viðskiptavinir hrósa okkur fyrir það,“ segir Ward.

Hann segir að sérstaða Verne Glo-

bal felist auk þess í langtíma samningum við Landsvirkjun um kaup á raforku. Sá fyrirsjáanleiki sé mikil lyftistöng fyrir erlenda fjárfestingu hérlandis því hann geri viðskiptavinum kleift að ráðast í umtalsverðar fjárfestingar í tengslum við gagnaverið hér á landi. Væri þessi víska ekki til staðar myndu viðskiptavinir halda að sér höndum í meira mæli.

Fram hefur komið í Markaðnum að erlend gagnaver eiga erfitt með að bjóða viðskiptavinum langtíma-samninga um verð því annars staðar í heiminum sveiflist verð á rafmagni eftir aðstæðum á markaði. ■



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



ÍSLENSK VERÐBRÉF

Kynntu þér árangur og úrval íV sjóða á WWW.IV.IS

— síðan 1987 —

Innherjalistar Fjármálaeftirlits Seðlabankans heyra sögunni til

thorsteinn@frettabladid.is

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands birtir ekki lengur lista yfir innherja í skráðum félögum en það má rekja til nýrra laga sem tóku gildi í byrjun september.

Samkvæmt svari frá Fjármálaeftirlitinu er um að ræða Evrópureglugerð um markaðssvik (MAR) en með gildistöku hennar varð sú breyting að flokkun innherja og heitið innherji er ekki lengur að finna í lögum. Skylda útgefanda til reglubundinna skila á innherjalistum er því fallin niður.

Þá er ákvæði um að Fjármálaeftirlitið skuli gera umræddar upplýsingar opinberar ekki að finna í hinum nýju lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum. Það útskýrir



Ákveðin áskorun til félaganna um að hafa skýrar og góðar upplýsingar um þennan hóp á vefsíðum sínum.



Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar

af hverju umræddir listar eru ekki lengur á heimasíðu stofnunarinnar.

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segist líta þessar breytingar jákvæðum augum.

„Allt sem minnkar óþarfa skrifinnsku sem fylgir því að vera almenningshlutafélag dregur úr hindrunum við skráningu á markað og er því til þess fallið að auka gagnsæi í atvinnulífinu og gefa fleirum kost á að taka þátt í fjárfestingum,“ segir Magnús.

„Sú staðreynd að fjárfestar og aðrir hagaðilar hafi gjarnan notað innherjalistana til að fá yfirsýn um lykilstarfsmenn og aðra en geti það ekki lengur er kannski ákveðin áskorun til félaganna um að hafa skýrar og góðar upplýsingar um þennan hóp á vefsíðum sínum,“ bætir hann við. ■



Rafmagn í stað olíu

Johan Rønning óskar Síldarvinnslunni til hamingju með nýju landtenginguna.

Uppsetning landtengingar í Norðfjarðarhöfn markar tímamót í orkuskiptum íslenska fiskiskipaflotans. Johan Rønning er stoltur afhendingaraðili á tækjabúnaði og tækniþjónustu verksins.



Skoðun

Þorsteinn Friðrik Halldórsson



Óbreytt ástand

Á kjörtímabilinu sem er að renna sitt skeið ákváðu stjórnvöld, með mennta- og menningarmálaráðherra í fararbroddi, að veita einka- reknum fjölmiðlum svo- nefndan rekstrarstuðning. Í byrjun september var tæplega 389 milljónum króna úthlutað og þar af fóru 244 milljónir til þriggja stærstu fjölmiðlafyrir- tækjanna. Til lengri tíma litíð er þetta stórskadleg aðgerð sem grefur undan sjálfstæði fjöl- miðla, og heldur aftur af þeirri framþróun sem þarf að eiga sér stað á fjölmiðlamarkaði.

Rekstrarvandi fjölmiðla er margþættur og hann má að miklu leyti rekja til ríkisins. Eins og kunnugt er hefur Ríkisútvarpið viðtæk ruðn- ingsáhrif á markaðinn, einkum hvað varðar auglýsingatekjur, og ríkisstofnanir saga til sín mannaud með því að bjóða hærri laun fyrir færri vinnu- stundir. Tilfærsla auglýsinga yfir til samfélagsmiðla er annar stór þáttur.

Í stað þess að ráðast að rót vandans, til dæmis með því að taka á umsvifum Ríkisútvarps- ins eða ganga til viðræðna við samfélagsmiðla eins og gert var í Ástralíu, kaus ráðherra að setja plástur á sár sem stækkar og stækkar. Hann valdi auð- veldu leiðina: að kasta pening- um á vandann og vona að hann leysist, og komst þannig hjá því að styggja báknið.

En íslenskir fjölmiðlar þurfa einnig að líta í eigin barm. Almennt hafa þeir verið of hikandi við að læsa efni á bak við greiðsluvegg og í mörgum tilfellum þar sem lesendur greiða fyrir efni er stafræn þróun skammt á veg komin í samanburði við fjölmiðla í nágrannalöndum.

Hvers vegna er það svo? Ég hygg að ein ástæðan sé sú að of fáir fjölmiðlar á Íslandi eru reknir með alvöru arðsemis- kröfu að leiðarljósi. Það skiptir máli að eigendur hafi rekstrar- legan metnað en stefni ekki bara að því að reka fjölmiðil á núllinu. Hagnaður þarf að vera höfuðmarkmið frekar en bónus.

Styrkjakerfið viðheldur þessu ástandi. Það veikir markaðslögmálin og kemur þannig í veg fyrir nauðsynlega uppstokkun og framþróun fjöl- miðla. Á meðan halda Ríkis- útvarpið og samfélagsmiðlar uppteknum hætti.

Úr grænum bréfum í grænt salat

Andri Guðmundsson segist hafa fengið mikla útrás fyrir sköpunargleðina í fjármála- geiranum, ekki síst við útgáfu grænna skuldabréfa. Hann færði sig nýverið yfir til hátæknigróðurhússins Vaxa.

thorsteinn@frettabladid.is

„Ég hef verið allan minn starfsferil í fjármálageiranum sem er mjög skemmtilegur geiri. Í fyrsta lagi er þetta skalanlegur rekstur sem þýðir að ef þú ert með stórar hugmyndir þá ertu ekki bundinn við fýsiskar takmarkanir eins og framleiðslu- getu. Og síðan geturðu fengið mikla útrás fyrir sköpunargleðina. Þá á ég ekki við skapandi bókhald heldur að tengja saman fólk, fjármagn og hug- myndir,“ segir Andri Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar hjá Fossum mörkuðum, sem réð sig nýlega til hátæknigróðurhússins Vaxa þar sem hann mun meðal annars sinna viðskiptaþróun.

„Það að sjóða saman og selja fyrstu grænu útgáfuna fyrir Orku- veituna, eða fyrsta græna fasteigna- skuldabréfið fyrir Regin... ég fæ sama kikk út úr því og að standa á sviði í Hörpu og spila á hljóðfæri,“ bætir hann við.

Andri, sem verður Fossum mörk- uðum áfram innan handar sem ráð- gjafi, hefur verið atkvæðamestur á íslenskum fjármálamarkaði þegar kemur að útgáfu grænna og sjálf- bærna skuldabréfa.

„Síðan finnst mér gaman að vera kominn með puttana í rekstur. Ég hef það á tilfinningunni að marga í fjármálageiranum dreymi um að djöflast í rekstri, dálítið eins og marga leikara langar að gerast popp- stjörnur!“

Vaxa stundar svokallaðan lóð-



Andri hafði starfað hjá Fossum mörk- uðum í sjö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

réttan landbúnað þar sem ræktað er í hillum. Þannig er hægt að rækta á mun fleiri fermetrum en gólfplötur- inn segir til um.

Stærsti munurinn á lóðréttri og hefðbundinni ræktun, hvort sem um er að ræða gróðurhús eða úti á akri, er að allt sem viðkemur rækt- unarferlinu er undir stjórn. Vaxa nýtir til að mynda ekki sólarljós og rýminu er hita- og rakastýrt sem þýðir að framboð og gæði afurða eru fyrirsjáanleg.

„Það liggur beint við að fara úr grænum og sjálfbærum skulda- bréfum yfir í rekstur sem snertir á umhverfismálum og fæðuöryggi. Þessi geiri hefur marga snertifleti við sjálfbærnimálin sem ég hef sökt mér í í tengslum við skuldabréfa- útgáfu undanfarin ár,“ segir Andri.

„Neytendur eru að verða með- vitaðri um bæði hvaðan vörurnar sem þeir kaupa koma og líka hvernig þær eru búnar til. Við bjóðum upp á ferskt hágæða salat sem er ræktað

í heimabyggð – án allra eiturefna. Það er eitthvað sem hefur hitt beint í mark og við erum ótrúlega stolt og þakklát fyrir viðtökurnar,“ segir Andri og bætir við að innanhúss- ræktun bjóði upp á minni notkun áburðar, enga notkun skordýra- eiturs og minni flutning vörunnar sem bæði getur dregið úr sótspori og aukið gæði og hillulíf.

Eftir áralanga reynslu af því að hafa umsjón með útgáfu sjálfbærna skuldabréfa er sýn hans á sjálfbærni- mál þó jarðbundin.

„Við erum ein og sér ekki að fara að koma í veg fyrir hungursneyð í heiminum en við getum lagt okkar af mörkum til aukins fæðuöryggis og sjálfbærrar matvælaframleiðslu til framtíðar. Við þurfum að framleiða miklu meiri mat og með allt öðrum sjálfbærari hætti en hingað til.“

Andri á 15 prósentu hlut í Vaxa en stærsti hluthafinn er félag á vegum Björgólfs Thors Björgólfs- sonar, Andra Sveinssonar og Birgis

Más Ragnarssonar, (oft kenndir við Novator) sem fer með 40 prósentu hlut. Eignarhaldið ber með sér að metnaður Vaxa sé ekki bundinn við Ísland.

„Innanhússræktunin sem við stundum er tiltölulega stutt á veg komin og mun þróast ótrúlega mikið á komandi árum og ára- tugum – bæði ræktunaraðferðir og tækjabúnaður – en á sama tíma eru neysluvenjur að taka stórstigum breytingum. Vaxa er nú þegar í fremstu röð í heiminum og við- skiptaþróun okkar snýst um að nýta tækifæri á þessum markaði, bæði hér heima og í útlöndum.“

Lóðrættur landbúnaður sleit barnsskónum í Asíu fyrir 30 árum en þróunin fór ekki á flug fyrr en fyrir tíu árum þegar Bandaríkja- menn urðu áhugasamir og vísisjóðir lögðu verulegt fjármagn í þróunina. Vaxa byrjaði að rækta í lok árs 2018 og fyrsta uppskeran var í byrjun árs 2019. ■

Sylvía prófar eitthvað nýtt á hverju ári

Svipmynd

Sylvia Kristín Ólafsdóttir

Nám: M.S. í Operational Research frá London School of Economics og B.S. iðnaðarverk- fræði frá HÍ.

Störf: Framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar- og markaðs- sviðs Origo. Þar á undan leiðakerfistjóri hjá Icelandair, forstöðumaður rekstrar á jarðvarma- og vindorku hjá Landsvirkjun og vörustjóri í viðskiptagreind hjá Kindle Amazon.

Aukastörf: Stjórnarformaður Íslandssjóða. Var í stjórn Öl- gerðarinnar og Símans.

Fjölskylduhagir: Gift Kjartani Bjarna Björgvinssyni dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og saman eigum við tvo fótbolta- og skákstráka þá Matthías og Kormák.

helgivifill@frettabladid.is

Sylvía Kristín Ólafsdóttir, fram- kvæmdastjóri viðskiptaþróunar og markaðsmála hjá Origo, prófar allt- af eitthvað nýtt á hverju ári. Þannig lendir hún í óvæntum ævintýrum.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég byrjaði fyrir nokkrum árum að stunda vatnabretti (e. stand up paddle) og finnst það mjög skemmtilegt. Það er eitthvað við það að standa úti á sjó – þar næ ég að hreinsa hugann algjörlega. Við



Sylvía Kristín stundar meðal annars vatnabretti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

fjölskyldan ferðumst mikið saman og höfum farið til Tókýó, Amazon- frumskógarins, Tibet og Jórdaníu svo eitthvað sé nefnt. En aðaláhuga- málið er að prófa alltaf einn nýjan hlut á ári – þannig hef ég lent í alls konar óvæntum ævintýrum. Þannig kynntist ég til dæmis spuna (e. improv for business) sem hefur nýst mér með fjölbreyttum hætti.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Þær eru margar en þær bækur sem grípa mig oftast eru dramatískar þroskasögur þar sem höfundar deila opinskátt reynslu sinni fyrir okkur hin til að læra af. Mér finnst fólk sem

gerir það alltaf jafnt hugrakkt. Þar standa upp úr Geðveikt með köflum eftir Sigurstein Másson og Á manna- máli eftir Þórdísi Elvu Þorvalds- dóttur. Síðan getur nú breytt hvers- deginum og þungum vinnudegi að fletta í gegnum myndasögur. Dæs eftir Lóu Lóaboratoríum kemur mér oft í gott skap síðan eru New Yorker myndasögurnar oft hnyttnar.

Hver er helstu verkefnin fram undan?

Ég kom til Origo fyrir nokkrum mánuðum og hef verið að kynnast félaginu og vinna að stefnumótun með Jóni Björnssyni forstjóra og því góða folki sem er hér. Tækni- og

hugbúnaðargeirinn breytist hratt og framtíðarsýn Origo þarf að taka mið af því. Það kom mér skemmti- lega á óvart hversu fjölbreytt vöru- framboð og mikil nýsköpun er hjá Origo, þessi mikla áhersla á að þróa vörur sem bæta samfélagið. Við erum með augun á lausnum sem gera samfélagið betra fyrir þá sem nota vörurnar okkar og núna erum við til dæmis að vinna í lausnum sem urðu til innanhúss hjá okkur og hjálpa fyrirtækjum að komast í gegnum jafnlaunavottun ásamt spennandi lausn sem hjálpar heil- brigðisgeiranum að þjónusta sjúkl- inga sem þurfa heimahjúkrun. Síðan erum við með sterk vöru- merki í búnaði og við vinnum líka að því að gefa tölvum og búnaði framhaldslíf með því að gefa þær áfram í finu standi.

Við erum síðan að móta áfram viðskiptaþróunar- og markaðssvið okkar. Við viljum skerpa enn frekar á nálgun okkar í sölu- og markaðs- málum. Við erum að styðja fyrir- tæki og einstaklinga til að nýta öll þau tækifæri sem felast í stafrænni þróun og aukinni tæknivæðingu. Ég tel mig ótrúlega heppna að fá að taka þátt í því og að fá að miðla því út á við sem við erum að gera. Fram undan hjá mér eru líka spennandi verkefni með Íslandssjóðum en ég tók við stjórnarformennsku þar nýlega. Mikill og góður gangur er hjá félaginu sem hefur vaxið ört síðustu árin og áhersla á samfélags- ábyrgð og ábyrgar fjárfestingar er sífellt að aukast. Aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga er beitt við stýringu allra sjóða og safna og vel hefur gengið að skapa góða ávöxtun fyrir viðskiptavinum félagsins. ■

Sterkari saman
í sátt við umhverfið

LITRÓF

Guðjón Ó

Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000



BYRJAÐU DAGINN Á ALVÖRU ÍTALSKRI UPPLIFUN



Segafredo er bragðmikið alvöru ítalskt kaffi. Hvort sem þú velur malað, espresso, baunir eða hylki getur þú treyst því að dagurinn hefst með ríkulegu bragði í hæsta gæðaflokki.

Segafredo
ZANETTI

Skrýtin þögn



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Einkennilega lítil umræða hefur skapast um vanhæfi hæstaréttardómara frá því á hrunárunum fyrir áratug, jafnvel þó um sé að ræða einn alvarlegasta misbrest í störfum æðsta dómstigs þjóðarinnar frá því það var sett á laggirnar fyrir einni öld og ári betur.

Á þessum tíma fengu níu hæstaréttardómarar tækifæri til að svara fyrir um fjárhagsleg tengsl sín við föllnu bankana áður en þeir tóku sjálfir til við að dæma mann og annan fyrir gáleysislega stjórn á helstu peningastofnunum landsins. Fjórir svöruðu, en fimm ekki.

Eftirmálin eru blettur á sögu Hæstaréttar. Í hópi þeirra sem svöruðu ekki voru einmitt dómarnir sem áttu mestu fjárhagslegu hagsmunanna að gæta – og töpuðu fyrir vikið mestu á falli bankanna. Þeir sátu á þeim upplýsingum á meðan þeir dæmdu hvern sakborninginn í bankahruninu af öðrum í fangelsi.

Jón Steinar Gunnlaugsson, einn þeirra fyrrverandi hæstaréttardómara á þessum tíma sem svöruðu til um fjárhagsleg tengsl sín við gömlu bankana, hefur margsinnis gagnrýnt kollega sína frá þessum tíma – og það harðlega. Þar hefur hann reynst hrópandinn í eyðimörkinni. Hann hefur staðið einn með pennann að vopni til að vekja athygli á því að Hæstiréttur Íslands var að stórum hluta vanhæfur til að takast á við þetta einstaka, sögulega og vandmeðfarna mál í réttar sögu landsins.

Og hvers vegna skyldu aðrir hæstaréttarlögmennt fara hér með veggjum og gera upp við þessa sögu með þögninni einni saman? Má vera að löngun þeirra í dómarasæti sé gagnrýnni yfirsterkari? Vilja þeir ekki rugga bátum af ótta við að fá ekki stjórnad honum?

Þetta eru eðlilegar spurningar. Og nauðsynlegar.

Hæstiréttur Íslands er ein meginstöðanna í regluverki Íslands. Trúverðugleiki hans skiptir sköpum í réttarríkinu. Þeir landsmenn sem setjast þar á sakabekk eiga heimtingu á að dómarnir réttarins starfi þar af heilindum og upplýsi í öllum tilvikum hvort þeir tengist á einhvern hátt þeim dómsmálum sem tekin eru fyrir hverju sinni.

Því var ekki að heilsa fyrir áratug. Þá ræð leyndarhyggjan ríkjum.

Og það er skammarlegt.

Í uppgjöri bankahrunsins hefur þessi þáttur ekki fengið það vægi sem hann á skilið. Og það er ef til vill vegna þess að það hefur ekki verið til síðs að gjalda varhug við hlutdrægni þessa æðsta dómstigs þjóðarinnar.

Sagan sýnir aftur á móti að það er full ástæða til að draga áreiðanleika hans í efa. ■

”
Eftirmálin
eru blettur
á sögu
Hæsta-
réttar.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is

Truflun

Flestir sem Fréttablaðið hefur rætt við eru á þeirri skoðun að yfirstandandi kosningarbarátta sé sú leiðinlegasta í manna minnum, jafnvel frá landnámi. Einkennist hún helst af innihaldslausum slagordum sem óumbeðið er troðið inn í Youtube-dagskrána. Það eina sem var greipt í minni fólks eftir leiðtogaumræðurnar í sjónvarpinu var að einn þeirra virtist áberandi ölvaður og reif kjaft. Það sem biður okkar eftir kosningar er þing með enn fleiri flokkum. Fleiri flokkum sem þurfa pening úr okkar vasa til að trufla Youtube-dagskrána.

Einmitt

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist hætta að styðja ríkisstjórnina ef ekki væri stutt í kosningar. Er það vegna friðlýsinga umhverfisráðherra. Er trúlegt að Jón hefði gerst villiköttur á miðju kjörtímabili eða er þetta tilraun til að afla fylgis við ysta hægrið? Vitaskuld er hið síðara rétt því ef eitthvað væri að marka þetta myndi Jón einfaldlega hætta að styðja stjórnina og neita frekara samstarfi við VG. Hvorugt gerir hann því að hann veit að nái stjórnin meirihluta mun hún halda áfram. Og ekki mun heyrast mjálm í Jóni, nema kannski fyrir þarnaestu kosningar. ■

650 þúsund



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

650 þúsund krónur. Það eru um 43 innkaupakerrur. Fimm ára Suzukinám á fiðlu í Tónskóla Sigursveins. 22 parkaúlpur á barnið. 1.494 skólamáltíðir. 34 sálfræðitímar. Höfðingleg fermingarveisla. Eða bara ferð út fyrir fjölskylduna.

650 þúsund krónur. Það er upphæðin sem meðalfjölskylda á Íslandi fengi út úr barnabótakerfi Samfylkingarinnar á ári. Markmiðið er að stórauka stuðning við barnafjölskyldur og tryggja að öll börn fái jöfn tækifæri óháð efnahag.

Of margir foreldrar eiga í basli með að uppfylla grunnþarfir barna sinna, eru kannski einni heimsókn til sálfræðings eða týndri skólaúlpu frá því að lenda í vandræðum með að borga reikninga um mánaðamótin. Þá er það er staðreynd að alltof mörg börn hafa ekki aðgang að tómstundum.

Og hvernig ætlar Samfylkingin að tryggja jöfn tækifæri barna? Með því að borga fleiri fjölskyldum hærri barnabætur í hverjum mánuði.

Tökum dæmi.

Par á meðallaunum með tvö börn fengi 54 þúsund krónur mánaðarlega.

Það eru um 650 þúsund á ári.

Einstætt foreldri með tvö börn fengi 77 þúsund krónur á mánuði.

Það eru 924 þúsund á ári.

Það munar um minna á flestum heimilum.

Nýtt barnabótakerfi Samfylkingarinnar (fjármagnað með upptöku stóreignaskatts á hreina eign yfir 200 milljónir) yrði ein stærsta skattatilfærsla til lág- og millitekjufólks sem ráðist hefur verið í á Íslandi. Almennar barnabætur sem eru óskertar upp að meðallaunum er velferðarmál en það er líka góð hagstjórn að veita foreldrum andrými og fjárfesta í hag barna til lengri tíma.

Ef við ætlum að stórauka stuðning við barnafjölskyldur og taka upp norrænt barnabótakerfi – þurfum við aðra ríkisstjórn. Ríkisstjórn sem berst með kjaftri og klóm fyrir betra lífi fyrir þig – þína fjölskyldu – og komandi kynslóðir. Í stað þeirrar sem fagnar óbreyttu ástandi sem „stöðugleika“.

Atkvæði til Samfylkingarinnar er atkvæði til foreldra og barna. ■

”
Of margir
foreldrar
eiga í basli
með að
uppfylla
grunnþarf-
ir barna
sinna.

7.-16. SEPTEMBER

dagur
til jóla!

SVO ÞÚ FÁIR HÚSGÖGNIN ÖRUGGLEGA HEIM FYRIR JÓLIN
- ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF PÖNTUNUM

MÓDERN
- heimur fagaðra möguleika
www.modern.is

Woxton Mjóttí KFF krabbenen krabbenen

FAXAFEN 10 • 108 REYKJAVÍK • 534 7777

Hugverkaiðnaður er framtíðin



Hugverkaiðnaðurinn er orðinn fjórða stöðin í íslensku efnahagslífi, í gjaldeyrisóflun þjóðarbúsins og hefur alla burði til þess að verða stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar. Störfin sem skapast í hugverkaiðnaði eru hálaunastörf og auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Með því að fjölga eggjum í körfunni dreifum við áhættunni og efnahagur þjóðarinnar ræðst ekki af afkomu fárra fyrirtækja eða atvinnugreina.

Ein mikilvægasta auðlind Íslands er hugvit okkar Íslendinga. Auðlind sem er hægt að virkja til sköpunar tölvuleikja, í líftækni, örtækni eða hönnun. Eða í eitthvað allt annað, því hugmyndaflugid eitt setur hugverkaiðnaðinum skorður. Heimurinn breytist hratt, stærstu fyrirtæki heims voru mörg ekki til fyrir áratug síðan.

Með markvissum aðgerðum á kjörtímabilinu sem er að líða hefur verið byggt undir nýsköpun á Íslandi. Skilyrði til skattaívilnunar vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum hafa verið framlengd og einfölduð og viðmiðunarfjárhæðir skattafrádráttar eða endurgreiðslna vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar hafa verið hækkaðar. Vísisjóðurinn Kría var stofnaður sem hefur auðveldað fjármögnun sprotafyrirtækja til muna. Allar þessar aðgerðir eru til þess fallnar að hvetja enn frekar til fjár-



“
Ein mikilvægasta auðlind Íslands er hugvit okkar Íslendinga. Auðlind sem er hægt að virkja til sköpunar tölvuleikja, í líftækni, örtækni eða hönnun.

festinga í rannsóknum, tækniþróun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi, þróun sem stundum er nefnd fjórða iðnbyltingin.

Hvatarnir hafa þegar skilað miklum árangri. Ekki hafa aðeins orðið til ný fyrirtæki heldur hafa öflug fyrirtæki sem stunda rannsóknir og þróun valið að byggja upp kjarna-starfsemi sína hér á landi. Ísland er samkeppnishæft við önnur ríki. Öflugt atvinnulíf skiptir máli. Öfl-

ugur hugverkaiðnaður skiptir máli. Velsæld heimila í landinu byggir á hagvexti, útflutningi og vel laun-uðum störfum.

Nýlega benti aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs á það í grein í Viðskiptablaðinu að um 38% fólks á vinnumarkaði eru nú með háskólagráðu. Til samanburðar var hlutfallið 11% árið 1990. Þetta skapar vinnumarkaðnum mikla áskorun því eins og sakir standa verða ekki til sérhæfð störf fyrir allt þetta vel menntaða starfsfólk og laun háskólamenntaðra munu vafalítið lækka með auknu framboði. Á sama tíma hefur fólk fjárfest í námi sínu, til að mynda með námslánunum sem það þarf svo að greiða af þegar út í atvinnulífið er komið.

Það er vissulega lúxusvandamál að vera með svo vel menntað þjóðfélag en vandamál getur það orðið engu að síður ef ekkert er viðhafst til að bregðast við breytttri stöðu. Þess vegna skiptir miklu máli að fjölga nýjum störfum og nýsköpun er svarið. ■

Umhugsunarefni



Fyrsta frétt RÚV kvöld eitt í síðustu viku var svar Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra við þeirri þungu umræðu sem nú fer fram um ófullnægjandi húsnæði geðdeildar Landspítala.

Af alkunnri ábyrgðartilfinningu fyrir embætti sínu sagði heilbrigðisráðherra við þjóðina að það væri umhugsunarefni að forverar hennar í ráðherrastólnum skyldu ekki hafa leyst málið og komið geðsviðinu fyrir í þeim nýbyggingum, sem nú er verið að reisa. Þjóðin fékk þó ekki svar við þeirri spurningu hvað hún hefði gert í málinu. En er það að ekki líka umhugsunarefni?

Um helgina fylgdi fréttastofan svo málinu eftir með því að birta bréf frá félagi geðlækna, sem ráðherra barst á síðasta ári. Þar var bent á nauðsyn úrbóta. Og fram kom að ráðherra hefði ekki virt læknana svars. Er það ekki umhugsunarefni?

Í vor sem leið vakti Krabbameinsfélagið athygli á óbodlegri aðstöðu fyrir þá skjólstæðinga Landspítala sem njóta þjónustu dagdeildar og blóð- og krabbameinslækninga. Fram kom að stjórnendur Landspítalans voru með tillögu um hvernig leysa mætti þann vanda án tafar. Fréttir voru sagðar af því að Krabbameinsfélagið hefði samþykkt að kosta hluta úrbótanna ef villji væri til skjótra viðbragða. Engar fréttir hafa verið sagðar um við-



“
Þjóðin fékk þó ekki svar við þeirri spurningu hvað hún hefði gert í málinu. En er það að ekki líka umhugsunarefni?

brögð heilbrigðisráðherra. Er það ekki umhugsunarefni?

Öll þjóðin veit að vinnubrögð heilbrigðisráðherra við breytingar á skimun fyrir krabbameinum leiddu til þess að tugir þúsunda kvenna komu þeim skýru skilaboðum á framfæri að þær teldu að lífi og

heilsu kvenna væri stefnt í hættu. Enn eru sagðar fréttir af þessu klúðri. Er það ekki umhugsunarefni?

Færri vita að búið var að undirbúa skimun fyrir ristilkrabbameinum þegar núverandi ráðherra settist í stólinn. Því verkefni var stungið ofan í skúffu meðan klúðrið var undirbúið. Er það ekki umhugsunarefni?

Árið sem ráðherra tók við embætti þurftu konur sem greinst höfðu með brjóstakrabbamein að bíða í 35 daga eftir aðgerð. Tveimur árum seinna þurftu konur að bíða í 58 daga. Það eru nýjustu birtu tölur. Er það ekki umhugsunarefni?

Stuðningur Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins við þessar ákvarðanir heilbrigðisráðherra hefur verið ótvíræður allt kjörtímabilið og þar með ábyrgð? Er það ekki umhugsunarefni?

Er ekki umhugsunarefni hverjum á að treysta fyrir þessu embætti? ■

FJALLKONAN

KRÁ & KRÆSINGAR



GRÍSKIR MIDVIKUDAGAR

Í SEPTEMBER OG OKTÓBER



GEGGJADIR GRÍSKIR RÉTTIR, GRÍSK VÍN OG KOKTEILAR

frá kl. 17.00

Feta me filo 2.790 kr.
Grískur turn 2.590 kr.
Gyro 3.490 kr.
Spínatbaka / Spanikopita 2.790 kr.
Mousakka 3.490 kr.

EFTIRRÉTTUR
Loukomades 1.890 kr.



FJALLKONAN FAGNAR ÞÉRI!

 fjallkonan.rvk  fjallkonan

Seðill og borðapantanir á [fjallkona.is](#)

Veiru-skuldahalann þarf að borga með sölu ríkiseigna



Ólafur Arnarson
hagfræðingur

Ríkissjóður var rekinn með 270 milljarða halla á síðasta ári og í ár er gert ráð fyrir ríflega 320 milljarða halla – samtals tæplega 600 milljarðar. Frá 2022-26 er búist við 5-600 milljarða uppsöfnuðum fjárlagahalla. Bólusetningar gegn Covid hafa hins vegar gengið vel og þótt bólusetningar virðist ekki verja gegn smitum í sama mæli og vonast hafði verið til virðast þær verja vel gegn alvarlegum veikindum af völdum smita. Ferðaþjónustan hefur tekið við sér fyrr en reiknað var með og allt bendir til að hallinn verði minni en svartsýnustu spár gengu út á. Samt sem áður blasir við að bein áhrif á ríkissjóð af Covid-19 verði uppsafnaður hallarekstur upp á að minnsta kosti 700 milljarða.

Miðað við verðbólguhorfur, gengisþróun og nýhafið vaxtahækkunarferli Seðlabankans má reikna með að raunverulegur kostnaður ríkisins af 700 milljarða skuldahala geti numið 30-40 milljörðum á ári. Yfir fimm ára tímabil eru þetta allt að 200 milljarðar. Til samanburðar renna 77 milljarðar til rekstrar Landspítalans í ár. Því blasir við að Covid-skuldahalinn kallar miklar búsifjar yfir íslenskt þjóðarþú að óbreyttu þrátt fyrir að fáar þjóðir virðist koma betur út úr faraldrinum en einmitt við Íslendingar.

Bankasala til bjargar

Nýverið seldi ríkið 35 prósentu hlut í Íslandsbanka í frumútboði. Fyrirfram voru bólsýnisráddir háværar og ýmsir sem spáðu því að ólíklegt væri að viðunandi verð fengist fyrir hlutinn, erfitt yrði fyrir ríkið að fá kaupendur að borðinu og hætta væri á að sitja uppi með „óheppilega“ eigendur ef þá tækist að fá einhverja til að bjóða í bankann.

Reyndin varð önnur. Gríðarleg umframeftirspurn varð í útboðinu og bárust tilboð í ellefu falda þá fjárhæð sem í boði var. Eins og eðlilegt er í frumútboðum var verðlagning varkár og því hafa tugir þúsunda þátttakenda í útboðinu hagnast á kaupum sínum. Markaðurinn verðleggur nú Íslandsbanka talsvert hærra en ráð var fyrir gert og miðað við markaðsverð nú má gera ráð fyrir að heildarverðmæti bankans sé um 250 milljarðar. Skráning bankans á markaði og sala á 35 prósentu hlut í honum hefur því leyst úr læðingi mikil verðmæti fyrir ríkið,



Því blasir við að Covid-skuldahalinn kallar miklar búsifjar yfir íslenskt þjóðarþú að óbreyttu þrátt fyrir að fáar þjóðir virðist koma betur út úr faraldrinum en einmitt við Íslendingar.

en þau 65 prósent sem ríkið á enn í bankanum eru ríflega 162 milljarða virði.

Þá á ríkið 97,9 prósent hlutabréfa í Landsbankanum. Landsbankinn er verðmætari en Íslandsbanki og út frá verðlagningu Íslandsbanka í kauphöllinni lætur nærri að hlutur ríkisins í Landsbankanum sé um 345 milljarða virði. Ríkið á með öðrum orðum yfir 500 milljarða eign einungis í þessum tveimur bönkum sé markaðsvirði Landsbankans sambærilegt við Íslandsbanka og engin ástæða er til að ætla annað.

Kraftur einkareksturs

Þriðji stóri bankinn á Íslandi, Arion banki, er að fullu í einkaeigu og skráður í kauphöllina. Markaðurinn verðleggur hann talsvert hærra en Íslandsbanka. Á sama tíma og markaðsverðmæti Íslandsbanka er ríflega 30 prósent umfram virði eigin fjár bankans er markaðsverðmæti Arion banka ríflega 50 prósent umfram verðmæti eigin fjár. Þetta er athyglisvert meðal annars í ljósi þess að bankinn hefur á liðnum árum orðið fyrir talsverðum skakkaföllum vegna útlánatapa – töpuð útlán hans á fyrirtækjasviði hafa verið umtalsvert meiri en hjá bæði Íslandsbanka og Landsbankanum. Raunar urðu breytingar í yfirstjórn Arion banka í kjölfar þessara útlánatapa.

Hugsanlegt er að hærra verðmat byggist að einhverju leyti á trausti markaðarins á nýjum stjórnendum Arion banka en einnig má gera því skóna að sú staðreynd að bankinn er að fullu í einkaeigu ráði þar einhverju.

Að gamni má geta þess að væru Íslandsbanki og Landsbanki með sambærilegt verðmat og Arion banki væri hlutur ríkisins í þeim ekki röskir 500 milljarðar heldur tæpir 600 milljarðar.

Norska leiðin

Hvað sem öllu liður er ljóst að ríkið getur losað mikla fjármuni með því að selja hluti sína í Íslandsbanka

og Landsbankanum. Þá fjármuni er hægt að nota til að greiða niður Covid-skuldahalann fremur en að grípa til skattahækkana og niðurskurðar til að mæta afborgunum og vaxtagreiðslum komandi ára.

Af umræðu hér á landi undanfarna mánuði og misseri má ráða að ekki standi vilji til þess að ríkið selji með öllu frá sér stóru bankana. Almennings og mjög margir stjórnámamenn virðast vera þeirrar skoðunar að heppilegt sé að ríkið verði áfram í hópi bankaeigenda.

Ýmsir telja skynsamlegt að fara svokallaða norska leið varðandi eignarhald á bönkum hér á landi. Hún felst í því að ríkið haldi eftir kjölfestuhlut í einum banka. Ákveði ríkið að halda eftir 30 prósentu hlut í Landsbankanum getur sala á hlutafé hans skilað nálægt 236 milljörðum. Verðmæti hlutar ríkisins í Íslandsbanka er nú 162,5 milljarðar. Bankasala getur því skilað rétt um 400 milljörðum til viðbótar við þá ríflega 55 milljarða sem hlutafjárútboð Íslandsbanka hefur þegar skilað í ríkissjóð.

Óþarft að velta vandanum á komandi kynslóðir

Ótaldar eru hér aðrar eignir sem ríkið er með fé bundið í, þar á meðal Isavia, Rarik og Landsvirkjun. Þá eru ónefndar fasteignir. Í bókhaldi ríkisins er verðmat fasteigna afar varfærið. Ótalda milljarða má losa með sölu fasteigna og eðlilegt að

” Af umræðu hér á landi undanfarna mánuði og misseri má ráða að ekki standi vilji til þess að ríkið selji með öllu frá sér stóru bankana.

setja spurningarmerki við það hvort ríkið sé sérlega vel fallið til að reka fasteignir – hvort ekki sé heppilegra að sérhæfð fasteignafélög í einka-geiranum annist slíkt og ríkið leigi þær fasteignir sem það notar en bindi ekki milljarða á milljarða ofan í steinsteypu.

Ljóst er að ríkið á nægar eignir sem hægt er að selja til að þurrka út Covid-skuldahalann. Síðan er það stjórnmalanna að komast að niðurstöðu um það hvaða eignir er samstaða um að selja. Hér að ofan er víkið að því að andstaða er við að ríkið selji allan hlut sinn í bönkunum. Norska leiðin er mögulegt svar við því. Einnig er vítað að seint verður full samstaða um sölu á hlut í Landsvirkjun. Skyldi vera til „norsk leið“ sem sameinast mætti um í orkugeiranum?

Tvær leiðir í boði

Sú ríkisstjórn sem tekur við eftir kosningarnar síðar í þessum mánuði tekur við stjórnartaumum á ögurstundu. Hennar stefna mun ráða miklu um framtíðarhag fyrir-tækja og heimila í landinu. Covid-skuldahalann þarf að borga og mjög dýrt er að dragnast með mörg hundruð milljarða skuldir þegar vextir innanlands fara hækkandi og sveiflukenndur gjaldmiðill þyngir byrðina af erlendum lánum. Valið stendur í raun milli tveggja leiða. Annað hvort verður farið í niðurskurð og skattahækkanir til að borga skuldir. Slíkt verður hagkerfinu þungbært og dregur úr vexti þess og lífskjörum þjóðarinnar til frambúðar. Hin leiðin er að losa þá gifurlegu fjármuni sem ríkið er með bundna í eignum á borð við stóru bankana með því að selja þessar eignir. Slíkt skapar kærkomin fjárfestingatækifæri fyrir lífeyrissjóði þjóðarinnar, gefur almenningi kost á að eignast með beinum hætti hlutdeild í atvinnulífi þjóðarinnar, skýtur stóðum undir vöxt til framtíðar og stuðlar að bættum lífskjörum. ■

Loftslagsmál séð af skagfirskum afrétti



Högni Elfar
Gylfason

skipar 5. sæti á lista Miðflokksins í Norðvestur-kjördæmi

Mér var tjáð að flokkurinn minn hefði ekki komið vel út úr einhverju prófi í umhverfismálum sem ungt fólk í höfuðborginni stóð fyrir. Ég fékk fréttina þegar ég var uppi á afrétti að leita að þessum fáu rollum sem við sauðfjárbændur í Skagafirði erum enn að hokra með. Nú, nú, hugsaði ég og klappaði hestinum og horfði yfir fjalllendið í kringum mig. Erum

við Miðflokksmenn þá umhverfis-sóðar, fólk sem skilur ekki mikilvægi náttúrunnar fyrir menn og málleysingja? Fólk sem er svo úr tengslum við umhverfi sitt að það skilur ekki aðkallandi baráttu gegn loftslagsvandinum? Virðist ekki breyta neinu þó við mörg hver í Miðflokksnum höfum einmitt valið okkur starf til að vera sem mest úti í náttúrunni. En þeir vita þetta kannski betur fyrir sunnan.

Ég gat ekki stillt mig um að spyrja út í könnunina. Óljúgróður maður benti mér á að flokkar fengju lægri einkunn ef þeir væru ekki lang-orðir um loftslagsstefnu sína. Þar fór það, hugsaði ég. Við Miðflokksmenn erum of stuttuorðir! Þá benti annar mér á að stefna flokksins í málefnum flóttamanna og hælis-

leitenda hefði alveg farið með okkur. Nú, það kom mér spánskt fyrir sjónir, er þetta ekki sitthvor málaflokkurinn? En svo datt af mér andlitið þegar mér var tjáð að hörð andstaða okkar Miðflokksmanna gegn hálandisfrumvarpi umhverfisráðherra hefði endanlega gengið frá einkunn okkar. Ef við viljum ekki að fjögurra milljarða stofnun í Reykjavík stýri því hálandi sem við höfum verið vakin og sofin yfir í gegnum árin þá föllum við á loftslagsprófinu! Svo var mér öllum lokið þegar einkunnaspjaldið sýndi að Miðflokkurinn fékk núll í landbúnaði og matvælum en Við-reisn hæstu einkunn!

Ég ákvað að fara í stígvélina og fara út í fjós að moka skít. Það virtist viðeigandi. ■



Auglýsing

frá landskjörstjórn um framboð við alþingiskosningar 25. september 2021

Samkvæmt 44. gr. laga um kosningar til Alþingis er hér með gert kunnugt að við alþingiskosningar 25. september 2021 verða þessir listar í kjöri:

Norðvesturkjördæmi

B - listi Framsóknarflokks:

- Stefán Vagn Stefánsson**, kt. 170172-5909, forseti sveitastjórnar og yfirlögregluþjónn, Hólavegi 26, Sauðárkróki.
- Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir**, kt. 140996-3279, háskólanemi og formaður SUF, Bakkakoti 1, Borgarbyggð.
- Halla Signý Kristjánsdóttir**, kt. 010564-4259, alþingismaður, Holti í Önuðarfirði, Ísafjarðarbæ.
- Friðrik Már Sigurðsson**, kt. 191180-7129, bóndi og formaður byggðarráðs, Lækjamóti, Húnaþingi vestra.
- Iða Marsibil Jónsdóttir**, kt. 151077-4559, skrifstofu- og mannauðsstjóri og forseti sveitarstjórnar, Arnarbakka 3, Bildudal.
- Elsa Lára Arnardóttir**, kt. 301275-5529, aðstoðarskólastjóri, bæjarfulltrúi og fyrrv. alþingismaður, Eikarskógum 4, Akranesi.
- Þorgils Magnússon**, kt. 130181-3929, skipulags- og byggingarfulltrúi, Árbraut 7, Blönduósi.
- Gunnar Ásgrímsson**, kt. 190600-3190, háskólanemi, Hólatúni 11, Sauðárkróki.
- Kolbrún Ösp Guðrúnardóttir**, kt. 110373-2959, nemi, Breiðvangi 17, Hafnarfirði.
- Jóhanna María Sigmundsdóttir**, kt. 280691-2329, verkefnastjóri og fyrrv. alþingismaður, Brekkuhvammi 6, Búðardal.
- Ragnheiður Ingimundardóttir**, kt. 021055-7199, verslunarstjóri, Hrófá 2, Strandabyggð.
- Gauti Geirsson**, kt. 290493-3239, háskólanemi, Noregi.
- Sæþór Már Hinriksson**, kt. 090300-4070, tónlistarmaður, Viðihlið 37, Sauðárkróki.
- Sigrún Sjöfn Ámundadóttir**, kt. 231188-3129, lögreglumaður, Hrafnakletti 8, Borgarbyggð.
- Sigurdís Katla Jónsdóttir**, kt. 130303-3740, nemi, Skerðingsstöðum, Dalabyggð.
- Sveinn Bernódusson**, kt. 180653-2369, járnsmiðameistari, Traðarstíg 8, Bolungarvík.

C - listi Viðreisnar:

- Guðmundur Gunnarsson**, kt. 230976-5119, fyrrv. bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Perlukór 1b, Kópavogi.
- Bjarney Bjarnadóttir**, kt. 100279-4799, grunnskólakennari, Berugötu 16, Borgarnesi.
- Starri Reynisson**, kt. 060795-2669, forseti Uppreisnar, Rauðarástíg 41, Reykjavík.

- Ingunn Rós Kristjánsdóttir**, kt. 010898-3589, sálfræðinemi, Engjavegi 28, Ísafirði.
- Egill Örn Rafnsson**, kt. 290382-3359, tónlistarmaður og nemi í skapandi greinum, Hraunkoti 3, Borgarnesi.
- Edit Ómarsdóttir**, kt. 280388-3439, verkefnastjóri Icelandic Startups, Furugrund 11, Akranesi.
- Pétur Magnússon**, kt. 180377-4849, húsasmiður, Aðalstræti 19, Ísafirði.
- Svandís Edda Halldórsdóttir**, kt. 240560-3139, lögfræðingur, Viðjuskógum 13, Akranesi.
- Alexander Aron Guðjónsson**, kt. 150896-3399, rafvirkji, Esjuvöllum 19, Akranesi.
- Auður Helga Ólafsdóttir**, kt. 191263-4649, hjúkrunarfræðingur, Urðarvegi 27, Ísafirði.
- Ragnar Már Ragnarsson**, kt. 200373-5109, byggingarfulltrúi, Hjallatanga 34, Stykkishólmi.
- Lee Ann Maginnis**, kt. 291085-2029, kennari og lögfræðingur, Smárabraut 21, Blönduósi.
- Magnús Ólafs Hansson**, kt. 201056-2769, húsgagnasmiðameistari, Viðigrund 1, Akranesi.
- Ragnheiður Jónasdóttir**, kt. 300462-5889, forstöðumaður, Hólmaflöt 7, Akranesi.
- Pétur G. Markan**, kt. 160281-5459, samskiptastjóri Biskupsstofu, Austurgötu 32, Hafnarfirði.
- Sigrún Camilla Halldórsdóttir**, kt. 100647-4009, formaður Félags eldri borgara á Ísafirði, Hjallavegi 17, Ísafirði.

D - listi Sjálfstæðisflokks:

- Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**, kt. 041187-3879, alþingismaður og ráðherra, Helgubraut 11, Kópavogi.
- Haraldur Benediktsson**, kt. 230166-5529, alþingismaður og bóndi, Vestra-Reyni, Hvalfjarðarsveit.
- Teitur Björn Einarsson**, kt. 010480-3379, lögmaður og varaðingmaður, Geldingaholti 3, Varmahlíð.
- Sigríður Elin Sigurðardóttir**, kt. 141200-2750, sjúkraflutningakona, Eystra-Miðfelli 1, Hvalfjarðarsveit.
- Guðrún Sigríður Ágústsdóttir**, kt. 240174-4569, ráðgjafi, Selvogsgrunni 14, Reykjavík.
- Örvar Már Marteinsson**, kt. 180775-4479, skipstjóri, Holtabrun 6, Ólafsvík.
- Magnús Magnússon**, kt. 091272-4669, sóknarprestur, Lækjarbakka, Húnaþingi vestra.

- Lilja Björg Ágústsdóttir**, kt. 230782-4159, lögmaður og forseti sveitarstjórnar, Signýjarstöðum 2, Reykholti.
- Bjarni Pétur Marel Jónasson**, kt. 260300-2610, háskólanemi, Bakkavegi 39, Hnifsdal.
- Bergþóra Ingbórsdóttir**, kt. 190696-3919, nemi í félagsráðgjöf, Vallholti 13, Akranesi.
- Friðbjörg Matthíasdóttir**, kt. 060269-4329, viðskiptafræðingur og oddviti í Vesturbyggð, Sæbakka 2, Bildudal.
- Sigrún Hanna Sigurðardóttir**, kt. 130378-4639, búfræðingur, bóndi, Lyngbrekku 2, Búðardal.
- Anna Lind Særúnardóttir**, kt. 011194-3469, meistaranemi í félagsráðgjöf, Lágiholti 19a, Stykkishólmi.
- Gísli Sigurðsson**, kt. 040764-3219, framkvæmdastjóri og formaður byggðarráðs, Drekahlíð 2, Sauðárkróki.
- Guðmundur Haukur Jakobsson**, kt. 040375-5389, pípuþlagningarmeistari og forseti sveitarstjórnar, Sunnubraut 3, Blönduósi.
- Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir**, kt. 261066-8319, viðskiptafræðingur, Miðtúni 18, Tálknafirði.

F - listi Flokks fólksins:

- Eyjólfur Ármannsson**, kt. 230769-3469, lögfræðingur LL.M., Hrafnabjörgum 1, Þingeyri.
- Þórunn Björg Bjarnadóttir**, kt. 311061-2599, landbúnaðarverkakona, fyrrv. bóndi, Borgarvík 24, Borgarnesi.
- Hermann Jónsson Bragason**, kt. 050943-2089, vélstjóri, Skólastíg 14, Stykkishólmi.
- Eyjólfur Guðmundsson**, kt. 160753-5019, starfsmaður á sambýli fyrir fatlaða, Brimslóð 14, Blönduósi.
- Sigurlaug Sigurðardóttir**, kt. 200490-2829, náttúrufræðingur, Holtabrun 16, Bolungarvík.
- Sigurjón Þórðarson**, kt. 290664-4119, líffræðingur, Skagfirðingabraut 13, Sauðárkróki.
- Sigríður Inga Sigurjónsdóttir**, kt. 250768-4789, dýralæknir, Hlíðarvegi 8, Ísafirði.
- Bjarki Þór Pétursson**, kt. 160280-3529, verkamaður og öryrki, Vesturgötu 19, Akranesi.
- Jenný Ósk Vignisdóttir**, kt. 140399-2059, landbúnaðarverkakona, Borgarvík 24, Borgarnesi.
- Einir G. Kristjánsson**, kt. 080162-2199, verkefnastjóri og öryrki, Brekkugötu 16, Vogum.

- M. Sigurlaug Arnórsdóttir**, kt. 271066-4819, öryrki, Sundstræti 29, Ísafirði.
- Magnús Kristjánsson**, kt. 290943-2219, eldri borgari, Skúlagötu 5, Stykkishólmi.
- Erna Gunnarsdóttir**, kt. 250562-7219, öryrki, Brekkugötu 16, Vogum.
- Halldór Svanbergsson**, kt. 250159-5449, bílstjóri, Hörðukór 5, Kópavogi.
- Jóna Marvinsdóttir**, kt. 160346-4429, matráður og eldri borgari, Sléttuvegi 9, Reykjavík.
- Kristjana S. Vagnsdóttir**, kt. 080331-2829, eldri borgari, Brekkugötu 14, Þingeyri.

J - listi Sósíalistaflokks Íslands:

- Helga Thorberg**, kt. 070750-2959, leikkona og garðyrkjufræðingur, Brekkugerði 11, Reykjavík.
- Árni Múli Jónasson**, kt. 140559-7769, mannréttindalögfræðingur og framkvæmdastjóri, Garðavegi 6, Hafnarfirði.
- Sigurður Jón Hreinsson**, kt. 150571-4729, vélíðnfræðingur og bæjarfulltrúi, Hjallavegi 15, Ísafirði.
- Aldis Schram**, kt. 210159-4449, lögfræðingur og kennari, Tjarnargötu 10, Reykjavík.
- Bergvin Eyþórsson**, kt. 111270-4149, þjónustufulltrúi og varaformaður Verkalyðsfélags Vestfirðinga, Dalbraut 1a, Ísafirði.
- Guðni Hannesson**, kt. 080863-5009, ljósmyndari, Skólabraut 20, Akranesi.
- Ágústa Anna Ómarsdóttir**, kt. 241065-3169, lyfjtaeknir, Silfurgötu 17, Stykkishólmi.
- Sigurbjörg Magnúsdóttir**, kt. 250943-4079, eftirlaunakona, Húnaðbraut 32, Blönduósi.
- Jónas Þorvaldsson**, kt. 250576-3319, sjómaður, Norðurbraut 5, Skagaströnd.
- Valdimar Andersen Arnþórsson**, kt. 030961-4129, heimavinnandi húsfaðir, Holtsflöt 2, Akranesi.
- Guðrún Bergmann Leifsdóttir**, kt. 210665-3589, listakona, Hjöllum 15, Patreksfirði.
- Magnús A. Sigurðsson**, kt. 230664-4399, minjavörður, Skúlagötu 21, Stykkishólmi.
- Dröfn Guðmundsdóttir**, kt. 160261-3669, kennari, Sunnubraut 12, Akranesi.

- Indriði Aðalsteinsson**, kt. 100741-3699, bóndi, Skjaldfönn, Hólmavík.
- Fjóla Heiðdal Steinarsdóttir**, kt. 300986-2429, háskólanemi, Flólagötu 67, Reykjavík.
- Finnur Torfi Hjörleifsson**, kt. 071136-2219, lögfræðingur og eftirlaunamaður, Skúlagötu 19a, Borgarnesi.

M - listi Miðflokksins:

- Bergþór Ólason**, kt. 260975-4559, alþingismaður, Bjarkargrund 24, Akranesi.
- Sigurður Páll Jónsson**, kt. 230658-2349, alþingismaður, Hjallatanga 46, Stykkishólmi.
- Finney Aníta Thelmuðóttir**, kt. 110897-2359, háskólanemi, Kristnibraut 91, Reykjavík.
- Ílóna Sif Ásgeirsdóttir**, kt. 100191-2539, starfsmaður við fristund, Skagavegi 10, Skagaströnd.
- Högni Elfar Gylfason**, kt. 220168-5499, bóndi og vélfræðingur, Korná, Varmahlíð.
- Hákon Hermannsson**, kt. 120680-4559, framkvæmdastjóri, Urðarvegi 31, Ísafirði.
- Anna Ágústa Halldórsdóttir**, kt. 180572-5899, skrifstofumaður, Arnarkletti 32, Borgarnesi.
- Erla Rut Kristinardóttir**, kt. 290478-5109, stuðningsforeldri, Vesturgötu 37, Akranesi.
- Óskar Albert Torfason**, kt. 260558-5879, framkvæmdastjóri, Holtagötu 5, Drangnesi.
- Valgerður Sveinsdóttir**, kt. 190372-5459, lyfjafræðingur, Reykjum, Borgarbyggð.
- Erna Ósk Guðnadóttir**, kt. 140883-5579, húsmóðir, Oddagötu 1, Skagaströnd.
- Ragnar Stefán Rögnvaldsson**, kt. 050185-2309, starfsmaður á hjúkrunarheimili, Skagavegi 10, Skagaströnd.
- Hafðís Björgvinsdóttir**, kt. 190660-5329, sjúkraliði, Hjallatanga 46, Stykkishólmi.
- Ingi Guðnason**, kt. 130163-2389, dyravörður, Hraunbæ 107, Reykjavík.
- Gunnlaugur Magnús Sigmundsson**, kt. 300648-3719, fyrrv. alþingismaður, Kópavogstúni 10, Kópavogi.
- Óli Jón Gunnarsson**, kt. 070749-7699, fyrrv. bæjarstjóri, Reynigrund 44, Akranesi.

O - listi Frjálslynda lýðræðis-flokksins:

- Sigurlaug Guðrún Inga Gísladóttir**, kt. 140163-4229, verslunarmaður, Urðarbraut 18, Blönduósi.
- Jóhann Bragason**, kt. 300467-5209, rafvirki, Sjafnarvöllum 4, Reykjanesbæ.
- Hafþór Magnússon**, kt. 300848-6569, sjómaður, Yrsufelli 3, Reykjavík.
- Jón Sigurðsson**, kt. 090659-3409, smiður, Tröllaborgum 15, Reykjavík.
- Reynir Sigurður Gunnlaugsson**, kt. 300756-5069, iðnaðarmaður, Urðarbraut 18, Blönduósi.
- Karl Löve**, kt. 121057-3289, öryrki, Hraunteigi 17, Reykjavík.
- Ásta Björg Tómasdóttir**, kt. 110460-4069, öryrki, Lautasmára 8, Kópavogi.
- Sigurður Þorri Sigurðsson**, kt. 150899-3469, öryrki, Urðarbraut 18, Blönduósi.
- Ingólfur Daniel Sigurðsson**, kt. 130291-2609, tæknimaður, Urðarbraut 18, Blönduósi.

- Jóhanna María Kristjánsdóttir**, kt. 181146-4009, eldri borgari, Móavegi 4, Reykjavík.
- Gunnar Karl Halldórsson**, kt. 011065-4739, prentari, Munaðarhóli 14, Hellissandi.
- Friðfinnur V. Hreinsson**, kt. 071267-5719, viðskiptafræðingur, Heiðargerði 6, Vogum.
- Guðrún Kristín Ívarsdóttir**, kt. 280667-4129, matreiðslumaður, Skyggnisbraut 8, Reykjavík.
- Símon Sverrisson**, kt. 260351-3979, kaupmaður, Tangabryggju 4a, Reykjavík.
- Höskuldur Davíðsson**, kt. 010148-2009, eldri borgari, Laugarnesvegi 75, Reykjavík.
- Gunnlaugur Dan Sigurðsson**, kt. 191284-2759, öryrki, Sunnubraut 21, Blönduósi.

P - listi Pírata:

- Magnús Davíð Norðdahl**, kt. 080282-4009, lögmaður, Naustabryggju 31, Reykjavík.
- Gunnar Ingiberg Guðmundsson**, kt. 171283-2219, strandveiðisjómaður og nemi, Fjallalind 104, Kópavogi.
- Pétur Óli Þorvaldsson**, kt. 100594-2859, verslunarmaður, Stað, Suðureyri.
- Sigríður Elsa Álfhildardóttir**, kt. 130590-3499, sjúkraliðanemi, Urðarvegi 6, Ísafirði.
- Ragnheiður Steina Ólafsdóttir**, kt. 180872-4189, öryrki, Bröttugötu 4b, Borgarnesi.
- Ólína Björk Hjartardóttir**, kt. 130988-2889, atvinnurekandi, Smáragrund 7, Sauðárkróki.
- Hákon Óli Sigurðsson**, kt. 260494-2879, málari, Hlíðarvegi 26a, Ísafirði.
- Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir**, kt. 150275-5719, leikskólakennari, Skólabraut 18, Hólmavík.
- Jóhannes Gunnar Þorsteinsson**, kt. 150188-2109, leikjasmiður, Kollafossi, Húnaþingi vestra.
- Vigdís Auður Pálsdóttir**, kt. 040245-3249, ellilífeyrisþegi, Grandavegi 45, Reykjavík.
- Leifur Finnbogason**, kt. 230989-3979, verkefnastjóri, Stöðlakoti 2, Borgarnesi.
- Elsa Kristjánsdóttir**, kt. 240787-2619, framkvæmdastjóri, Holtsgötu 22, Reykjavík.
- Samúel Kristjánsson**, kt. 060353-2559, sjómaður, Álfabyggð 1, Súðavík.
- Vignir Árnason**, kt. 030689-2089, bókavörður, Jörfabakka 2, Reykjavík.
- Svafar Helgason**, kt. 270483-5779, nemi í sameindalíffræði, Holtsgötu 22, Reykjavík.
- Eva Pandora Baldursdóttir**, kt. 081090-2979, fyrrv. alþingismaður, Sigtúni 35, Reykjavík.

- Ingibjörg Björnsdóttir**, kt. 171067-3409, leiðbeinandi, Andrésbrunni 18, Reykjavík.
- Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir**, kt. 030268-5209, söngkennari, lðufelli 12, Reykjavík.
- Guðbjartur Nilsson**, kt. 040680-3309, framkvæmdastjóri, Álfтамýri 30, Reykjavík.
- Jón K. Guðjónsson**, kt. 070758-2969, smiður, Víðimel 53, Reykjavík.
- Sigsteinn Magnússon**, kt. 150473-5279, rafvirkjameistari, Skeljatanga 3, Mosfellsbæ.
- Vilborg Hjaltested**, kt. 280862-3399, lífeindafræðingur, Logasölum 7, Kópavogi.
- Leifur Eiríksson**, kt. 050386-2369, hópeflis-, viðburða- og verkefnastjórnandi, Hjaltabakka 4, Reykjavík.

Reykjavík, 14. september 2021.

Landskjörstjórn,

Kristin Edwald, formaður
Páll Halldórsson
Heiða Björg Pálmadóttir
Anna Tryggvadóttir
Ólafía Ingólfssdóttir



Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020

Á fundi byggðaráðs Dalvíkurbyggðar þann 19. ágúst sl. var samþykkt að auglýsa skipulagslýsingu vegna breytinga á gildandi aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar á Hauganesi skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsinguna má kynna sér á heimasíðu Dalvíkurbyggðar www.dalvikurbyggd.is

Umsögnum skal skila á skrifstofu Dalvíkurbyggðar, Ráðhúsinu, 620 Dalvík eða með tölvupósti til skipulagsfulltrúa á netfangið helgairis@dalvikurbyggd.is fyrir 23. september 2021.

Jarðvinna - útboð

Öryggisfjarskipti ehf, óska eftir tilboðum í verkið: Flugsýli Landhelgisgæslan – Jarðvinna

Verkið felst í jarðvinnu og aðstöðusköpun vegna byggingar flugsýlis og aðstöðubyggingar fyrir Landhelgisgæslu Íslands við Nauthólsveg á jaðri Reykavíkurflugvallar.

Helstu magntölur eru eftirfarandi:

- Uppteikt malbiks 540 m2
- Gröftur 8.600 m3
- Þjöppuð fylling 4.800 m3
- Jarðvegisdúkur 3.000 m2

Útboðsgögn verða afhent rafrænt af EFLU verkfræðistofu til þeirra bjóðenda sem þess óska frá og með fimmtudeginum 16. september 2021, kl. 10:00.

Tilboð verða opnuð fimmtudaginn 30. september 2021 kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem það vilja.

Bjóðendur óski eftir gögnum hjá EFLU verkfræðistofu með tölvupósti á dsp@efla.is.

Stækkaðu heimilið með svalalokun frá COVER

COVER kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og sólstofur á undanförunum árum.

Auðbrekku 6 - Kópavogi - Sími 565 8899 - normx@normx.is

intellecta.is

RÁÐNINGAR

intellecta

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-250þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.

Uppýsingar í síma 868-2055

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Ábendingahnappinn má finna á

BARNAHEILL.IS

SAFT

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Bjórdælur

- kaldur á krana á 10 mínútum
Til leigu eða sölu

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is **geiri** www.geirihf.is

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is Netverslun á www.verslun.is



Faðir okkar,

Einar Guðlaugsson

lést á heimili sínu þann 30. ágúst.
Útför fer fram frá Bústaðakirkju,
fimmtudaginn 16. september kl. 13.00.
Athöfninni verður streymt frá
www.streyma.is

Margrét Bóthildardóttir og Guðlaug Einarsdóttir



Þökkum af alhug auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför
elskulegs eiginmanns míns, föður,
tengdaföður, afa og langafa,

Sigtryggs Sveins Bragasonar

Elisabet Jóhannsdóttir

Ragnheiður Valgerður Sigtryggisdóttir Ágúst Loftsson
Ingibjörg Sigtryggisdóttir Niclas Jessen
Vilhjálmur, Kjartan, Loftur, Nói, Leó, Rúrik og Dagbjört



Elsku systir okkar, mágkona og frænka,

Gígja Guðfinna Thoroddsen

Starengi 6, Reykjavík,

sem lést 8. september,
verður jarðsungen frá Fossvogskirkju,
þriðjudaginn 21. september kl. 15.

Ásta St. Thoroddsen
Einar Gunnar Guðmundsson
Atli Bollason
Ólafur E. Thoroddsen
Ólöf Jónína Thoroddsen

Bolli Hæðinsson
Sverrir Bollason
Brynhildur Bolladóttir
Hrafnhildur Thoroddsen

Ástkær sonur minn, bróðir okkar,
mágur og frændi,**Bjarni Guðmundsson**

frá Brekku í Dýrafirði,

lést á dvalar- og hjúrunarheimilinu
Eyri, Ísafirði, sunnudaginn 12. september.
Útför verður auglýst síðar.

Kristín Gunnarsdóttir, systkini hins látna
og fjölskyldur þeirra.Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,**Sigurrós Unnur
Sigurbergsdóttir
(Rósa)**Lindargötu 57,
áður Laugarásvegi 60, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi þann 6. september
síðastliðinn. Alúðarþakkir færur við starfsfólki Vítators,
Múlabæjar og bráðaöldrunarlækningadeilda B4 á
Landspítalanum í Fossvogi, fyrir kærleika, stuðning og
umönnun. Útförin fer fram frá Áskirkju, fimmtudaginn
16. september klukkan 13.00.

Guðmundur Gunnarsson Margrét María Þórðard.
Oddný Sigurborg Gunnarsdóttir
Gunnar Steinn Gunnarsson Berit Solvang
Einar Örn Gunnarsson Margrét Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar yndislegi og ástkæri

Grettir Grettissonrafiðnfræðingur,
Ólafsgæsla 20a,

lést í faðmi fjölskyldunnar mánudaginn
6. september á líknardeildinni í Kópavogi.
Útförin fer fram fimmtudaginn
16. september frá Langholtskirkju, kl. 13.

Jenný Stefania Jensdóttir

Jens Grettisson Kolbrún Eva Sigurðardóttir
Íris Rut Grettisdóttir
Jenný Stefania Jensdóttir og Benjamin Darri Jensson



Láglandið, þar
sem fólk hefur
búið um aldir,
er öllu nafnríkara
en hálendið.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VILHELM

Hvað á fjallið að heita?

Landmælingar Íslands og Stofnun
Árna Magnússonar standa fyrir
átaki um afmörkun og skráningu
örnefna um land allt.

arnartomas@frettabladid.is

Í dag hefst landsátakið Hvar er? á vegum
Landmælinga Íslands og Stofnunar Árna
Magnússonar. Um er að ræða átak um
afmörkun og skráningu örnefna um
landið.

„Við erum að reyna að fá sem flesta
sem eru kunnugir staðhátum til að
aðstoða okkur við að staðsetja örnefni,“
segir Eyðis Línal Finnboadóttir for-
stjóri Landmælinga Íslands. „Í dag er
um hálf milljón örnefna skráð í svoköll-
uðum örnefnalýsingum sem hafa verið
gerðar aðgengilegar á Stofnun Árna
Magnússonar.“

Átakið hefst í Borgarbyggð í dag þar
sem Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
umhverfis- og auðlindaráðherra, mun
skrá örnefni í sinni heimabyggð, Brúar-
landi.

„Um 1930 var gert átak í að skrá
örnefni á jörðum landsins og sá listi
hefur verið gerður stafrænn. Það sem
við höfum gert núna er að tengja þetta

saman við kortagrunninn okkar,“
útskýrir Eyðis. „Það þýðir að ef þú eða
afi þinn þekkið eitthvert svæði getið þið
staðsett örnefni úr þessu örnefnasafni
og sagt okkur hvar það er.“

Skirnarfontur þúfnanna

Þannig bar það til að það boð kom, að
skrásetja skyldi alla landsbyggðina. En
hvar dregur maður mörkin um hvað sé
örnefni?

„Við ætlum sko aldeilis að fara niður
í minnstu þúfur, en í þessu átaki erum
við að einbeita okkur að því að staðsetja
þau örnefni sem þegar hafa þegar verið
skráð,“ segir Eyðis. „Ef fólk hins vegar
þekkir fleiri örnefni sem eru ekki á list-
anum þá má bæta þeim við, og þá skiptir
ekki máli hversu stórt kennileitið er. Ef
einhver steinn heitir eitthvað, þá heitir
hann það.“

Aðspurð segir Eyðis að jarðir landsins
séu misjafnlega nafnríkar.

„Það er eitthvað af svæðum þar sem
ekki er búið að skrá mikið af örnefnum.
Það er búið að skrá um tvö þúsund jarðir
nú þegar en það eru um fimm þúsund
jarðir eftir sem á eftir að staðsetja
örnefni á,“ segir hún. „Við vitum líka að
hálendið er ekki jafn nafnríkt og mörg



Við erum að reyna að fá
sem flesta sem eru kunn-
ugir staðhátum til að
aðstoða okkur við að
staðsetja örnefni.



Eyðis Línal Finn-
boadóttir, for-
stjóri Landmælinga
Íslands.

láglandissvæði þar sem fólk hefur búið
lengi.“

Athöfnin í Borgarbyggð hefst klukkan
17.30 í dag í félagsheimilinu Lyngbrekku.
Allir sem hafa góða staðbundna þekk-
ingu á örnefnum eru velkomnir í hóp
skráningaraðila og skiptir þá engu
hversu tölvufær viðkomandi er. ■

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,**Ingimundur Magnússon**

ljósmyndari,

lést sunnudaginn 12. september
síðastliðinn. Útför verður auglýst síðar.

Magnús Ingimundarson
Gunnar Ingimundarson
Bolli Þór Bollason

Brynhildur Ingvarsdóttir
Hrund Sch. Thorsteinsson
Hrefna Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,**Jón Sveinbjörnsson**prófessor emeritus,
Ártúnsbrekku við Elliðaár,

sem lést 1. september,
verður jarðsungen frá Dómkirkjunni
fimmtudaginn 16. september kl. 13.00.
Einnig verður streymt frá athöfninni.

Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd.

Guðrún Magnúsdóttir

Sveinbjörn Jónsson
Þórunn Bergþóra Jónsdóttir
Magnús Bjarni Jónsson
Halldór Jónsson
Ingibjörg Jónsdóttir

Sigrún Kristjánsdóttir
Birgir Bachmann
Lucía Amoros Ribera
Anna Dóra Helgadóttir
Richard Fraser Yeo

afa- og langafabörn.

Eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
Kristján Ólafsson
(1928)áður til heimilis að
Hraunbraut 43 í Kópavogi,

andaðist á hjúrunarheimilinu Grund 7. september.
Þökkum hlýhug og vinsemd og sérstakar þakkir til
starfsfólks V3 á Grund. Útförin fer fram í kyrrþey.

Edda Bergmann Guðmundsdóttir
Gróa Kristjánsdóttir Þorvaldur Þorvaldsson
Kristján og Helena Sif – Edda Sif og Guðmundur Hreinn
Gróa Mjöll, Röbert Ingi, Gisli Þór og Óliver Ingi

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,**Haraldur Ólafsson**

Viðilundi 20, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri
12. september. Útför hans fer fram
frá Akureyrarkirkju mánudaginn
20. september kl. 10.00.

Blóm og kransar afpakkaðir en þeim sem vilja minnast
hans er bent á Hollvínasamtök Sjúkrahússins á Akureyri.

Hermann Haraldsson
Ólafur Örn Haraldsson
Guðrún María Haraldsdóttir

Elín Guðmundsdóttir
Sigríður Björnsdóttir
Ólafur Sigurðsson
afa- og langafabörn.



SÆTI ;)



HET ANKER, BEINT FRÁ HOLLANDI. FULL BÚÐ AF SÓFUM OG STÓLUM
SEM GERA HEIMILIÐ PITT EINSTAKLEGA SÆTT.

KOMDU OG FÁÐU ÞÉR SÆTI ;)



ÍSLANDSLAMB NÝSLÁTRAÐ

LAMBALÆRI, HRYGGUR OG INNMATUR



2.995 kr./kg

Íslandslamb Lambahryggur
nýslátrað



359 kr./kg

Íslandslamb Hjörtu og Lifur
nýslátruð



1.499 kr./kg

Íslandslamb Lambalæri
nýslátrað

PLOKKFISKUR

TILBÚIN AÐEINS AÐ HITA



100 kr. AFSLÁTTUR

1.098 kr./pk.

Bónus Plokkfiskur
1 kg - verð áður 1.198 kr.

KJÖTSÚPA

TILBÚIN AÐEINS AÐ HITA



1.698 kr./pk.

Bónus Kjötsúpa
1 kg

GRJÓNAGRAUTUR

TILBÚIN AÐEINS AÐ HITA



100 kr. AFSLÁTTUR

598 kr./pk.

Bónus Grjónagrautur
1 kg - verð áður 698 kr.

PAPRIKUR



395 kr./kg

Paprikur
gæn, gul og rauð

GERIR GÓÐAN DRYKK ENN BETRI



**GOTT
"KOMBÓ"**
Nesquik og
mjólk,
D-vítamínbætt

419 kr./saman

Léttnmjólk eða Nýmjólk D-Vítamín, 1 l, 195 kr.
Nesquik, 400g, 224 kr.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

FISH AND CHIPS
NÝTT Í BÓNUS



1.398 kr./pk.

Norðanfiskur Frosið Fish and Chips
620 g - tvær tegundir

PIZZA RONCADIN

ALVÖRU ÍTALSKAR PIZZUR
ÞÚ SÆKIR OG FÆRÐ FRÁBÆRT VERÐ



400 g

398 kr./pk.



355 g

398 kr./pk.



375 g

398 kr./pk.



360 g

398 kr./pk.



SAMA VERÐ
UM LAND ALLT

NÚNA ER TÍMI FYRIR TELJÓS



259 kr./pk.

Teljós

30 stk. brunatími 4 klst.



298 kr./pk.

Teljós

30 stk. brunatími 6 klst.




359 kr./pk.

Teljós

12 stk. brunatími 10 klst.

Veðurspá Miðvikudagur



Sunnan og suð-vestan 5-13 í dag og rigning með köflum S-til, en þurrt að kalla fyrir norðan. Hiti 8 til 15 stig, hlýjast á NA-landi. ■

Skák Gunnar Björnsson



Krossgáta

- LÁRÉTT**

 - 1 klár
 - 5 tillaga
 - 6 upphrópun
 - 8 árbók
 - 10 skóli
 - 11 sauðagarnir
 - 12 köll og sköll
 - 13 drifandi
 - 15 pílur
 - 17 máluð
- LÓÐRÉTT**

 - 1 umbætur
 - 2 ljá
 - 3 atvinna
 - 4 frystir
 - 7 ódæði
 - 9 kúpt
 - 12 karl
 - 14 að
 - 16 tvíhljóði

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
			12		
13	14				
15				16	
	17				

Benedikt Briem (1950) átti leik gegn Lukas Iskos (1909) á NM ungmenna sem fram fór í Þórshöfn.

15. e6! Bxe6 16. Hxe6 Rde5? (16...fxe6 17. Bxe6+ Hf7 og svartur getur barist). 17. Hxc6! Rxc6 og hvítur vann um síðir. Benedikt átti mjög gott mót og endaði í öðru sæti. Magnús Carlsen og fleiri snillingar sitja að tafli í Stafangri í Noregi.

www.skak.is: Norway Chess. ■

Sudoku

8	3							
		5	4	3	7	1	2	
			5		9			3
				5	8	3	7	
9	8			6				
2		7	9					
		1					6	4
	2				5	8		
	6			1	7			

		5						6
						4		1
			4		9			
	1	3		8	5			7
				7		2		
6			9	2				3
3		1	5	9				
	9		7		6	3		2
			8			5		


Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

Seljum í stuttan tíma eldri gerðir af rúmum og öðrum vörum með veglegum afslætti.

Við erum að taka inn mikið magn af nýjum vörum og rýmum til með því að selja eldri gerðir og sýningareintök með veglegum afslætti.

RÝMINGARSALA

ALLT AÐ 70%

AFSLÁTTUR

EKKI MISSA AF ÞESSU!

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566

SIR ARNAR GAUTI

LÍFSSTÍLSÞÁTTUR



Fimmtudaga
kl. 20.00!

SIR ARNAR GAUTI

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti snýr aftur með sína þriðju þáttaröð af þessum geysivinsæla lífsstílsþætti.

Fylgstu með alla fimmtudaga kl. 20.00, bara á Hringbraut.



HRINGBRAUT

Líður illa þegar ég skrifa um reynslu þessa fólks



Kolbrún
Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Bandaríski blaðamaðurinn Barbara Demick var meðal gesta á Bókmenntahátíð í Reykjavík. Hún er höfundur þriggja bóka og tvær þeirra hafa komið út í íslenskri þýðingu.

Fyrsta bók hennar, *Logavina Street*, kom út árið 1996 og fjallar um Bosníustríðið. Önnur bók hennar, *Engan þarf að öfunda*, kom út árið 2009 og fjallar um daglegt líf í Norður-Kóreu. Sú frábæra bók kom út í íslenskri þýðingu árið 2013. Nýjasta verk hennar, *Að borða Búdda*, er nýkomið út á íslensku, en þar er fjallað um líf íbúa í Tíbet.

„Ég hef meðvitað valið að skrifa um fólk sem mætir litlum skilningi og fjölmiðlar hafa lítið fjallað um. Umfjöllun um Tíbeta og íbúa Norður-Kóreu er oft mjög klisjukennd. Íbúum Norður-Kóreu er lýst eins og séu þeir vélmennir sem marsa í takt og hafi enga sjálfstæða hugsun. Tíbetum er lýst eins og þeir séu hinn göfugi villimaður.“

Með harðan skráp

Demick velur að segja sögur sínar í gegnum einstaklinga sem lesandinn kynnist vel. „Allar þrjár bækur mínar eiga þetta sameiginlegt. Ég kys að fjalla um fólk á afmörkuðum svæðum, lýsa litlum heimi innan heildarinnar. Ég valdi eina götu í Sarajevo, eina borg í Norður-Kóreu og einn bæ í Tíbet og lýsti mannlífi þar. Það er sagt að Stalín hafi sagt að dauði einnar manneskju væri harmleikur en dauði milljóna tölfræði. Ef maður kynnist einni manneskju sem missir barn sitt eða systkini þá finnur maður raunverulega fyrir sorg hennar, nokkuð sem maður finnur ekki fyrir þegar maður skoðar tölfræðina.“

Demick hefur hitt fólk sem hefur upplifað skelfilega atburði. Það hlýtur að taka á hana, segir blaðamaður. „Vissulega, en ég hef komið mér upp hörðum skráp. Erlendir fréttaritarar eru eins og læknar, sjá margt slæmt en læra að harka af sér. Mér líður illa þegar ég skrifa um lífsreynslu þessa fólks. Ef það væri ekki þannig þá myndu lesendur mínir ekki finna fyrir þeirri sömu tilfinningu. Ég vil að lesendur bregðist við á tilfinningaríkan hátt.“

Hún segist ekki vera bjartsýn á framtíð Norður-Kóreu. „Ég held að lítið muni breytast þar og það sama á við um Tíbet.“

Vinnur að nýrri bók

Hún er spurð hvort það hafi ekki



Ég hef meðvitað valið að skrifa um fólk sem mætir litlum skilningi, segir Demick.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

breytt henni sem manneskju að skrifa bækur um fólk sem býr við kúgun og má teljast heppið að lifa af. „Það hefur eftt samkennd mína með öðrum og ég hef líka áttað mig á því að allir hafa sína sögu að segja.“

Hún vinnur nú að nýrri bók sem fjallar um ættleiðingar kínverskra stúlkna til Bandaríkjanna og Evr-

ópu. „Opinbera skýringin er sú að þær hafi verið yfirgefnar vegna þess að foreldrar þeirra vildu eignast strák. Það er hluti af skýringunni en ekki eina skýringin. Margar þeirra voru teknar frá fjölskyldum sínum með valdi eða vegna þrýstings frá stjórnvöldum. Ég er að skrifa um kínverska foreldra og aðstandendur þessara stúlkna.“ ■

”

Ég vil að lesendur bregðist við á tilfinningaríkan hátt.

Síðasta lag ekki sargandi garg

GEISLADISKUR

Last Song.

Una Sveinbjarnardóttir og Tinna Þorsteinsdóttir.
Sono Luminus.

Jónas Sen

„Hr. Hundfúll slapp naumlega lifandi frá síðasta lagi fyrir fréttir á Rás 1. Mögulega nær hann sér að fullu eftir þessi ósköp sem Ríkisboxið bauð upp á á fyrsta degi samkomubannsins hér á Fróni en fyrr má nú aldeilis fyrr vera. Hvers vegna er ekki bara boðið upp á De Lónlí Blú Bojs eða Brimkló frekar en þetta alíslenska sargandi garg?“

Þessi blogg færsla, á Feykir.is, birtist í fyrra og endurspeglar viðhorf margra til tónlistarinnar sem er spiluð í hádeginu í Ríkisútvarpinu. Viðkomandi ætti þá ekki að fá sér

nýútkominn geisladisk Unu Sveinbjarnardóttur fiðluleikara og Tinnu Þorsteinsdóttur píanóleikara. Þar er nefnilega að mestu leyti „sargandi garg“.

Fagurt og magnað

Án gríns þá er þetta falleg tónlist. Og stundum mögnuð. Þar á meðal er Anima Processional eftir Hildergard von Bingen, en hún var skyggjunnunna á tólftu öld. Hún var ekki lærð í klassískri tónlist, en tókst samt að semja fjölmörg einstaklega hrifandi, seiðandi verk sem hún heyrði og sá í mystískum upplifunum. Útsetningin er nokkuð nýstárleg, bassastrengur í píanóinu virðist vera strokinn fremur en að á hann sé slegið. Þessi djúpi liggjandi tónn er dáleidandi og fiðluleikurinn er það einnig. Hann er ákafur og spennuþrunginn, og kallar fram hjá manni löngun til að heyra meira eftir nunnuna.



Andrúmsloftið á geisladiskinum er ihugult og dálítið nostalgískt. Mariúlög eftir Atla Heimi Sveinsson eru ljúfsár og Una spilar af fallettri einbeitingu. Tónarnir hennar eru safaríkir en alltaf tærir, mótaðir af einstakri smekkvísi. Tinna spilar líka af gríðarlegri fagmennsku og þegar hún fer út fyrir ramma hins

hefðbundna píanóleiks, þá er það sannfærandi. Til dæmis er Vögguvísa Magnúsar Blöndals Jóhannssonar sérlega skemmtileg, en þar leikur Tinna á leikfangapíanó.

Innblásnar hugmyndir

Efnisskráin á geisladiskinum samanstendur af stuttum lögum, með einni undantekningu, sem er Íslensk svíta eftir Jórinni Viðar. Hún er í fimm köflum. Þetta er ekki besta verk Jórunnar, en sérgrein hennar var sönglög, þar sem hún var á heimvelli. Mörg lög hennar eru dásamleg, en svítan er dálítið einfeldningsleg. Úrvinnsla tónefnisins er aldrei sérlega áhugaverð, hvað þá frumleg, þótt grunnhugmyndirnar séu innblásnar.

Lag eftir Karólínu Eiríksdóttur, Vetur, er hins vegar heillandi. Það er stutt og aðgengilegt, en þó ekki ódýrt. Hljómar píanósins eru

töfrandi og einfaldar laghendingar fiðlunnar áleitnar. Heildaráferðin er í senn tregafull en gefur samt fyrirheit um ljós handan ganganna, ef svo má að orði komast.

Lag eftir Unu sjálfa, það síðasta á geisladiskinum, er líka fullt af sterkum tilfinningum og skapar mergjað andrúmsloft.

Einstaka sinnum hefði innlifunin mátt vera meiri, eins og t.d. í hinu yndislega steffi úr Orfeo og Euridice eftir Gluck, sem er óþarflega hratt og dálítið kuldalegt. Hugleiðslan eftir Massenet hefði sömuleiðis mátt vera hástemmdari; hún fer aldrei með mann í ferðalag eins og hún ætti að gera. Engu að síður er þetta fallegur geisladiskur og ég kys hann hiklaust fram fyrir eitt-hvert sargandi, æpandi poppgarg. ■

NIÐURSTAÐA: Afar vandaður geisladiskur með fallettri tónlist.

Heldur tryggð við smásagnaformið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Umfjöllun er heiti á nýju smásagnasafni eftir Þórarín Eldjárn en það geymir átta sögur.

„Það eru 40 ár síðan ég gaf út fyrsta smásagnasafnið mitt, Ofsögum sagt, og Ari sonur minn varð fertugur um daginn, 1981 er því merkisár í fjölskyldunni,“ segir Þórarinn. „Þetta er áttunda smásagnasafnið mitt þannig að ég virðist senda frá mér smásagnasafn á um það bil fimm ára fresti.“

Þórarinn hefur lagst í enn meiri tölfraði. „Ég taldi smásögurnar sem hafa birst í þessum bókum, þær eru 92, langar og stuttar. Ég þarf endilega að koma þeim í þriggja stafa tölu áður en yfir lýkur. Ef maður deilir þessum 92 sögum niður á 40 ár þá eru þetta rétt rúmlega tvær smásögur á ári. Það eru engin afköst og úr því verður að bæta.“

Eðli skáldskaparins

Sögurnar gerast á ýmsum tímum og umfjöllunarefnið er fjölbreytt. Ein sagan fjallar um skáldið og náttúrufræðinginn Eggert Ólafsson sem drukknaði í Breiðafirði árið 1768 ásamt konu sinni. „Kveikjan var sú að fyrir mörgum árum hitti ég mann sem sagði mér frá atburði tengdum þeim hjónum, þar sem örn kemur við sögu. Hann hafði lesið eftir mig arnarsögu og taldi því rétt að gefa mér þessa sögu til brúks. Svo liðu öll þessi ár þar til ég áttaði mig loks á því hvernig ég gæti nýtt hana.“

Önnur saga, Máttur skáldskaparins, fjallar um Þórð malakoff og enn önnur um leikritahöfundinn August Strindberg. „Þá sögu spinn ég út frá vissum heimildum um að litlu hafi munað að Strindberg yrði sendur sem blaðamaður til Íslands á þjóðhátíðina 1874. Sænskur fræðimaður sagði í ritgerð að þar hefðu Svíar misst af góðri Íslandslýsingu. Ég sendi Strindberg í þessa ferð en það er spurning hversu góð þessi Íslandslýsing er því ég lét hann upplifa margt mjög einkennilegt.“

Lengsta sagan í bókinni heitir Úr sögu Bobbsambandsins. Sagan



”

Ég tók eftir því þegar ég leit yfir sögurnar að þær fjalla allar um eitthvað.

fjallar um skólabræður og virkar svo raunveruleg að blaðamaður spyr Þórarín hvort hún sé sannsöguleg.

„Nei, ekki nema á þann hátt að þar er alls konar góssi blandað og víxlað, sönnu og lognu. Þar er til dæmis spilað bobb, sem er eins konar barna- eða fátækraþjálfa. Ýmiss konar smælki brúkað sem tengist hefðbundinni skólagöngu í Vesturbænum og MR, hellt saman hinu og þessu og upp af því sprettur eitthvað sem aldrei gerðist. Þannig er nú eðli skáldskaparins.“

Sonurinn gerði kápuna

Stundum er sagt að smásagan eigi undir högg að sækja, en það er ekki reynsla Þórarins. „Þetta er form sem ég hef alltaf haldið tryggð við með

öðru, því mér finnst það henta mér vel. Smásaga kviknar oft út frá til-
tölulega einföldum hugmyndum eða þá að maður getur skrúfað saman element úr ótal áttum sem yrði kannski erfitt að leiða til lykta í skáldsögu.“

Um heiti smásagnasafnsins, Umfjöllun, segir Þórarinn: „Ég tók eftir því þegar ég leit yfir sögurnar að þær fjalla allar um eitthvað. Menn gefa oft út bækur með látlausum og heiðarlegum titlum eins og Sögur eða Kvæði. Því ekki alveg eins Umfjöllun? Halldór sonur minn gerði kápuna og leggur út af þessu á sérstakan hátt. Þar er endur-
raðað reykvískri borg og norðlensk fjöll höfð í bakgrunni. Þar hefur sem sé verið umfjallað.“ ■

Þórarinn Eldjárn sendir frá sér áttunda smásagnasafn sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Fjallað verður um æskuna um og upp úr stríðsárunum.

Hernámsæska í tröllahöndum

kolbrunb@frettabladid.is

Hernámsæska í tröllahöndum er yfirskrift fléttu Borgarsögu-
safns sem fram fer á Ljósmynda-
safni Reykjavíkur fimmtudaginn 16. september klukkan 16.30. Þar
stendur yfir sýning um ljósmynda-
feril Sigurhans Vignis sem ber heitið
Hið þögla en göfuga mál. Langi Seli
og skuggarnir skemmta gestum eftir
erindið.

Að þessu sinni mun Leifur
Reynisson sagnfræðingur fjalla
um æskuna um og upp úr stríðsár-
unum. Leifur gerir grein fyrir því
hvernig æskan varð til sem sjálf-



Leifur gerir grein fyrir
því hvernig æskan
varð til sem sjálfstæður
þjóðfélagshópur.

stæður þjóðfélagshópur með eigin
menningareinkenni, en tímabilið
sem um ræðir nær frá hernámi til
rokks og hefur hann sér til full-
tingis ljósmyndir úr safni Sigur-
hans Vignis. ■

Félagsfundur VR

Félagsfundur VR verður haldinn rafrænt
miðvikudaginn 22. september kl. 18:30.

Fundarefni er kosning fulltrúa félagsins til setu á
32. sambandsþingi Landssambands íslenskra verzlunarmanna
sem fer fram rafrænt, 14. október næstkomandi.

Skráning fer fram á [vr.is](#)



VR | Kringlunni 7 | 103 Reykjavík | Sími 510 1700 | [vr@vr.is](#) | [vr.is](#)

VR

07.45 Meistaradeildarmörkin
08.30 Lille - Wolfsburg
10.10 Barcelona - Bayern
11.55 Liverpool - AC Milan Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
13.55 Inter - Real Madrid Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
16.00 Buffalo Bills - Pittsburgh Steelers
18.30 Meistaradeildin - Upphitun
18.50 Liverpool - AC Milan Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
21.00 Meistaradeildarmörkin
21.45 Timabilið 2020-21
22.35 Kansas City Chiefs - Cleveland Browns



VS



Í BEINNI FRÁ ANFIELD
Í KVÖLD 18:50



Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**

Stærsti tískuviðburður ársins

Á mánudagskvöldið fór fram einn stærsti tískuviðburður ársins, Met-galakvöldið. Stjörnurnar skarta oft fram-sæknari flíkum þetta kvöld. Galakvöldið fer vanalega fram í maí ár hvert en var frestað vegna heimsfaraldursins.

steingerdur@frettabladid.is

Met-galakvöldið fór fram á mánudag en viðburðurinn er sannkölluð tískuveisla. Galakvöldið er haldið á vegum bandaríska Vogue til styrktar Metropolitan-safninu í

New York, þá sérstaklega deild sem varðveitir tiskumuni.

Miði á kvöldið kostar tæpar fjórar milljónir króna.

Kim Kardashian vakti sérstaka athygli þar sem margir héldu að hún væri mætt með fyrrverandi eiginmanni sínum, Kanye West. Kom það af stað orðrómi um að þau hefðu sæst og tekið aftur saman. Síðar kom í ljós að Demna Gvasalia, hönnuður hjá Balenciaga, var í fylgd með Kardashian, en það er hefð að hönnuðir fari með stjörnum á galakvöldið sem klæðast þeirra hönnun. ■



Billie Eilish var glæsileg í kjól Oscar de la Renta.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Leikkonan Rose Leslie geislaði í gulum kjól frá Oscar de la Renta.



Raunveruleikastjarnarn Kim Kardashian var í fylgd gests sem margir töldu vera Kanye West, fyrrverandi eiginmann hennar. Í ljós kom að um var að ræða Demna Gvasalia, sem er hönnuður hjá Balenciaga.




Tónlistarmaðurinn Lil Nas X lét sig ekki vanta, eftir að hafa slegið í gegn á VMA-verðlaununum á sunnudag.




Natalia Bryant, dótti Kobe og Vanessa Bryant, klæddist þessum sérstaka kjól sem vakti mikla athygli.



Frank Ocean tók með sér skemmtilega öðruvisi gest.



Leikarinn Elliott Page mætti í jakka-fötum frá Balenciaga, skreyttum grænni rós.



Justin Bieber mætti í jakka-fötum frá eigin merki, Drew House. Eiginkona hans Hailey Bieber mætti í kjól frá Saint Laurent.

H1 rafmagnsborð

30%

afsláttur

verð nú frá
61.900 kr.



- 3 Minnisstillingar
- Skjár sem sýnir hæðina í cm
- Hægt að stilla inn neðstu og hæstu hæð
- Barnalæsing
- Stillanleg árekstrarvörn

100 cm borð

LISTAVERÐ: **89.500 kr.**

VERÐI NÚ:

61.900 kr.

120 cm borð

LISTAVERÐ: **93.500 kr.**

VERÐI NÚ:

64.900 kr.

140 cm borð

LISTAVERÐ: **97.500 kr.**

VERÐI NÚ:

67.900 kr.

160 cm borð

LISTAVERÐ: **100.500 kr.**

VERÐI NÚ:

69.900 kr.

Fætur til á lager
í svörtu, hvítu og gráu.
Plötur til á lager
í svörtu, hvítu, eik og beyki.

Aukahlutir

30% afsláttur



**Skjáarmur
einfaldur**

LISTAVERÐ
14.900 kr.

TILBOÐSVERÐ
9.900 kr.



**Skjáarmur
tvöfaldur**

LISTAVERÐ
23.900 kr.

TILBOÐSVERÐ
16.400 kr.



Gelmotta

LISTAVERÐ
15.400 kr.

TILBOÐSVERÐ
9.900 kr.

www.hirzlan.is

Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN



RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Verslun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Lager opinn
mán-fim 13:00-17:00
og föstudaga 13:00-16:00.

Síðumúla 37
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is



Tinna Hrafnisdóttir er einn fulltrúa Íslands í myndinni um Margræti fyrstu.

Konunglegur kvikmyndagestur á RIFF



Ingunn Lára Kristjánsdóttir
ingunnlara@frettabladid.is

Danska stórstjarnan Trine Dyrholm verður heiðursgestur á kvikmyndahátíðinni RIFF og formaður dómnefndar í Vitranaflokki hátíðarinnar, sem verður haldin þann 30. september til 10. október.

ingunnlara@frettabladid.is

Trine Dyrholm leikur titilhlutverkið í kvikmyndinni Margrete den første, eða Margræt fyrsta, sem verður lokamynd Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík, RIFF, í ár.

Leikkonan verður heiðursgestur hátíðarinnar, auk þess sem hún er formaður dómnefndar í Vitranaflokki hátíðarinnar. Þar eru tilnefndar níu myndir sem eru allar fyrsta eða annað verk ungra og upprennandi leikstjóra og keppa um Gyllta lundann, aðalverðlaun RIFF.

Með Trine í dómnefnd í ár sitja Gísli Örn Garðarsson leikari, leikstjóri og framleiðandi, Aníta Briem leikkona, Gagga Jónsdóttir, leikstjóri og handritshöfundur, og Yorgos Krassakopoulos, dagskrárstjóri Þessalóníkuhátíðarinnar í Grikklandi.

Margverðlaunuð leikdrottning
Hrönn Marinósdóttir, stjórnandi RIFF, segir það mikinn heiður að fá leikkonuna til landsins. „Hún er tvímælalaust ein hæfileikaríkasta og virtasta leikkona Norðurlanda í dag og þótt víðar væri leitað enda marg-

Trine er mjög spennt að koma og mun taka þátt í hátíðinni og kynnast kvikmynda-gerðarfólki á Íslandi.



Hin eina sanna Danadrottning, Margræt Þórhildur, heilsar upp á kvikmyndastjörnuna Trine Dyrholm sem leikur nöfnu hennar, Margræti fyrstu, í lokamynd Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík.

MYNDIR/ÁSENDAR



Halldóra Geirharðsdóttir er ábúðarmikil í hlutverki sínu í Margrete den første.

verðlaunuð fyrir frammistöðu sína,“ segir Hrönn og bætir við: „Trine er mjög spennt að koma og mun taka þátt í hátíðinni og kynnast kvikmyndagerðarfólki á Íslandi.“

Þá segist Hrönn upplifa það sterkt að fólk sé greinilega orðið mjög biðþyrst og í ljósi tilslakana verði hægt að halda frábæra hátíð.

Drottning í Paradís
Heimsókn Trine gefur RIFF einnig tilefni til að sýna kvikmyndina Drottningin frá 2019 þar sem Trine fer með aðalhlutverkið. Sú kvikmynd hlaut aðalverðlaunin á kvikmyndahátíð Gautaborgar sama ár. Mun leikkonan spjalla við áhorfendur á pallborði í Bíó Paradís í tengslum við sýninguna.

Lokamyndin fyrrnefnda fjallar um Margræti miklu drottningu, eina áhrifamestu konu í sögu Norðurlandanna sem stofnaði Kalmarsambandið á 15. öld. Samsæri setur ævistarf Margrætar í hættu og þarf hún að beita öllum brögðum til þess að viðhalda stöðu sinni og ríkidæmi.

Í slaglogi með Íslendingum
Margræt fyrsta er sannkallað stórvirki og ein dýrasta kvikmynd sem hefur verið framleidd á Norðurlöndum. Íslensku leikkonurnar Halldóra Geirharðsdóttir og Tinna Hrafnisdóttir fara með veigamikil hlutverk í myndinni og Kristinn Þórðarson hjá True North er meðframleiðandi myndarinnar. Charlotte Sieling, ein fremsta leikstjóra

Norðurlanda sem er þekkt fyrir The Bridge, The Killing og Homeland, leikstýrir myndinni.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Trine vinnur með Íslendingum en næsta verkefni hennar verður með Benedikt Erlingssyni sem mun leikstýra henni í sjónvarps-seríunni Danska konan. Benedikt skrifar handritið ásamt Ólafi Agli Egilssyni.

Margræt Þórhildur, ríkjandi Danadrottning, mætti á frumsýningu kvikmyndarinnar en vert er að nefna að hún er fyrsta drottning Danmerkur síðan Margræt fyrsta, sem kvikmyndin fjallar um, var og hét. Drottningin tók einmitt upp titilinn Margræt önnur til heiðurs Margræti miklu. ■

Fimmtudaginn 23. september gefur Fréttablaðið út sérblaðið

UPPLÝSINGATÆKNI

Upplýsingatækni ýmiskonar er orðin fastur punktur í tilveru okkar hvort sem hún kemur í gegnum símana okkar, tölvur eða sjónvörp. Þessu blaði er ætlað að kynna og fræða lesendur um alla kima þessarar spennandi deildar tækninnar og hvað er í boði fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki. Stefnir í stórt og flott blað.

Tryggðu þér auglýsingapláss í mest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jóhann Waage sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



FIMMTUDAGUR // 16. SEPTEMBER 2021

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR Í HEIMSFARALDRI

RAFRÆNT MÁLÞING FÍH

Í beinu streymi á hjukrun.is
Opið öllum áhugasömum



Kl. 9.00 Opnun

Guðbjörg Pálsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

HEILSUGÆSLA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS OG HEIMAHJÚKRUN

Kl. 9.10

Hlutverk hjúkrunarfræðinga í bólusetningum
og skimunum á Keflavíkurlflugvelli

Jórlaug Heimisdóttir, verkefnastjóri Heilsueflandi móttöku,
Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Kl. 9.25

Hlutverk stjórnanda í heimahjúkrun á tímum COVID

Sigrún Barkardóttir, svæðisstjóri heimahjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Kl. 9.40

Þróun á Heilsuveru

Guðrún Auður Harðardóttir, verkefnastjóri á Miðstöð rafrænna heilbrigðislausna
hjá Embætti landlæknis

Kl. 9.55

Fjölbreytni í störfum hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu
– frásögn hjúkrunarfræðings í heilsugæslu

Sigríður Elisabet Árnadóttir, hjúkrunarfræðingur í heilsugæslunni Hlíðum

Kl. 10.10 Spurningar og umræður

Kl. 10.30 Hlé

REYNSLUSÖGUR HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Kl. 10.40

Sóttvarnaaðgerðir í heimsfaraldri

Ása Atladóttir, verkefnastjóri sýkingavarna hjá Embætti landlæknis

Kl. 10.55

Skaðaminnkun í samfélagi farsóttar

– frásagnir hjúkrunarfræðinga úr farsóttarhúsi

Helga Sif Friðjónsdóttir, sérfræðingur í geðhjúkrun með áherslu á fíkisjúkdóma

Kl. 11.10

Endurhæfingarhjúkrun og COVID

Jónína Sigurgeirsdóttir, hjúkrunarstjóri lungnateymis og sérfræðingur í lungnahjúkrun
á Reykjalundi

Kl. 11.25

Sérfræðingur í hjúkrun á smitsjúkdómadeild Landspítala á COVID tímum

Berglind Guðrún Chu, sérfræðingur í hjúkrun sjúklinga með smitsjúkdóma/húðsýkingar
á Landspítala

Kl. 11.40 Spurningar og umræður

Kl. 12.00 Hádegishlé

Fundarstjóri

Gísli Nils Einarsson, hjúkrunarfræðingur

REYNSLUSÖGUR HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Kl. 12.45

Áskoranir í heimahjúkrun á tímum COVID

Hrefna Guðmundsdóttir, hjúkrunarstjóri í heimahjúkrun hjá Reykjavíkurborg

Kl. 13.00

Sýkingavarnir í heimsfaraldri

Ásdís Elfarsdóttir Jelle, deildarstjóri sýkingavarnadeildar Landspítala

Kl. 13.15

Hlutverk starfsmannahjúkrunarfræðinga Landspítala

Anna Kristín Guðmundsdóttir, starfsmannahjúkrunarfræðingur Landspítala

Kl. 13.30

Hjúkrun COVID sjúklinga á gjörgæsludeild Landspítala

Sigríður Árna Gísladóttir, aðstoðadeildarstjóri á gjörgæsludeild Landspítala í Fossvogi

Kl. 13.45 Spurningar og umræður

Kl. 14.05 Hlé

HJÚKRUNARHEIMILI OG LANDAKOT

Kl. 14.15

Í auga stormsins

Hildur Elisabet Pétursdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða

Kl. 14.30

Hjúkrunarheimilin í heimsfaraldri

Þórdís Hulda Tómasdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunarsviðs á Eir, Skjóli og Hömrum

Kl. 14.45

Örmyndir af Landakoti

Ragnheiður Guðmundsdóttir, deildarstjóri A-3, Landspítala

Kl. 15.00

Áskoranir og hindranir í starfi stjórnanda á hjúkrunarheimili
í COVID umsátri

Ingi Þór Ágústsson, forstöðumaður dagþjálfunar, Hlíð

Kl. 15.15 Spurningar og umræður

Kl. 15.45 Málþingi slitið

Bakþankar

Láru G. Sigurðardóttir

Plöstuð tilvera

Hvern einasta dag rata um átta milljónir plasthluta í sjóinn og áætlað hefur verið að plast þeki 1,6 milljónir ferkílómetra á sjávarbotni. Það samsvarar að Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Spánn væru alþakin plasti. Plast er orðið svo útbreitt að það var nýlega uppgötv- að inni í jöklum Norður-Íshafs.

Ár hvert eru framleidd um 400 milljónir tonna af dauðagildru, en plast drepur um 100 milljónir sjávardýra – það eru 30-falt fleiri lífverur en látist hafa af völdum Covid á ársgrundvelli.

Plast herjar líka á manns- líkamann. Við öndum því að okkur, berum það á húðina með snyrti- vörum, étum það með matnum og drekkum það. Þarmar skelfisks innihalda til dæmis plast og þegar fæða er pökkuð í plast færðu plast- agnir í kaupbæti. Sýnt hefur verið að plastagnir finnast í blóði, svita og þvagi.

Fyrir ári síðan kynnti umhverfis- og auðlindaráðherra áætlunina Úr viðjum plasticsins, til að sporna gegn plastmengun, en við þurfum öll að taka þátt. Þegar þú þværd polýester- flík sendirðu plastagnir í vistkerfið. Þegar þú drekkur úr plastflösku rennur plast í líkamann. Þegar þú hendir plasti leggurðu dauðagildru. Plast er allsstaðar og það er átak að hætta að nota það, en með aðgerða- leysi erum við að menga allt lífríkið.

Plastlaus september ætti að vera alla daga. Sjálf er ég farin að nota glerílát og glerrör í stað plastics, sem ég vaska upp. Ég hætti að kaupa vatn í plastflösku og drekk heldur vatn úr krana eða sodastream- tæki. Ég set ekki plastpoka utan um grænmetið og næsta skref er að kaupa ekki matvöru í plast- umbúðum. Best væri að geta sótt matvöru með eigin íláti, eða fengið hana í pappírsumbúðum. Þó þetta kosti smá vesen þá er það vel þess virði. Bæði fyrir okkar eigið líf og lífríki jarðar. ■

Skannaðu QR kóðann og fáðu upplýsingarnar beint í símann.

LÍNA OKKAR TÍMA
STYÐJUM STÚLKUR Á FLÓTTA
KAUPTU ARMBANDIÐ

Straumurinn er í Öskju!

Yfir 30 gerðir rafmagnaðra bíla

Askja býður glæsilegt úrval 100% rafbíla, tvinn- og tengiltvinnbíla frá Mercedes-Benz, Kia og Honda. Við erum sérfræðingar í rafbílum og svörum öllum þínum spurningum um allt sem þeim tengist.

Kíktu í heimsókn – við tökum vel á móti þér.

Skoðaðu úrvalið á syningarsalur.askja.is

Sýningarsalur nýrra bíla Öskju á vefnum er alltaf opin. Þar má sjá bíla sem eru til á lager eða eru væntanlegir.

Askja • Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is